


I. TBL VOR 2026

Gorynjon

ÍSLENZKAR FURÐUSÖGUR



GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON



MARY ROBINETTE KOWAL

EMIL HJÖRVAR PETERSEN



EINAR LEIF NIELSEN

ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR

EFNISYFIRLIT

<u>MANIFESTÓ</u>	3
<u>RITSTJÓRNARPISTILL</u>	5
<u>KYNJASKEPNAN EFTIR EMIL HJÖRVAR PETERSEN</u>	7
<u>LÁRÉTT REGN EFTIR MARY ROBINETTE KOWAL</u>	26
<u>SKESSURÍMA EFTIR ÞÓRUNNI VALDIMARSDÓTTUR</u>	37
<u>MEÐ OPNUM HUG EFTIR EINAR LEIF NIELSEN</u>	40
<u>VETRARSAGA EFTIR GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON</u>	52
<u>LOPPA OG JÓN LOPPUFÓSTRÍ (ÞJÓÐSAGA)</u>	57

MANIFESTÓ

Markmið útgáfunnar er að styðja við bakið á íslenskum furðusögum, skapa þeim vettvang til aflestrar og útgáfu, og hvetja jafnt höfunda sem lesendur til að skrifa og lesa furðusögur á íslensku. Við elskum dauða og drunga, galdra og geima, popp og pölp, hrylling og háfantasíur ... og við viljum lesa eins mikið af því á íslensku og mögulegt er.

Unnendur furðusagna geta verið tregir til að gefa íslenskunni séns og leita mikið og jafnvel alfarið í faðm enskunnar í leit að spennandi efni. Þetta þykir okkur bæði skiljanlegt og miður, enda hefur löngum vantað upp á viljann hjá íslenskum útgefendum að gefa furðusögum séns og senan því ekki upp á marga fiska, miðað við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Frumkvöðlar og sjálfsútgáfa hefur ávallt verið til staðar og enginn skortur á grósku og hugarflugi hjá íslenskum höfundum. Forynjunni er ætlað að styðja við þá grósku og skapa svæði fyrir íslenskt efni sem fangar alla þá flóru sem fyrirfinnst í furðunni, upphefja hana og fagna fjölbreytileikanum.

Með því vonumst við jafnframt til þess að nýjar raddir fái tækifæri til að brýna sig og stíga sín fyrstu skref og að höfundar jafnt sem lesendur líti á Forynjuna sem hvatningu til að halda þeirri bókmenntategund sem þeim þykir vænt um lifandi á íslensku. Við búum á agnarsmáu málsvæði með örlítilli tungu og þurfum að hlúa að þessum hluta bókmenntahefðarinnar, ef við viljum að hún lifi góðu lífi.

Það þarf að venjast orðalagi, búa til líkingamál, smíða nýyrði, og leita alls kyns leiða til að túlka litróf fantasíu og furðu svo lesendur leggi í að lesa svona sögur á íslensku og að höfundar eigi sér fyrirmyndir til að skrifa sjálfir á íslensku og leggja sitt af mörkum á vogarskálarnar.

Einu sinni var hlegið að íslenskum glæpasögum, því íslenskar glæpasögur hljómuðu absúrd. Þá hefð þurfti að skapa og nú er vart annað lesið hér á landi. Við búum að ríkulegri hefð furðusagna sem á rætur að rekja til goðafræðinnar, Íslendingasagna og þjóðsagnaarfsins. Vissulega hafa fjölmargir höfundar borið kyndil furðunnar á Íslandi síðustu ár og áratugi en alltaf er þörf á fleiri röddum. Samhljóma munu íslenskar furðusögur ekki sökkva ofan í myrk hafdjúp gleymdra guða, heldur rísa hátt til himna og svífa þar í frjálsum flæði á meðal stjarnanna!

Gunnar Theodór Eggertsson og Júlíus Árnason Kaaber, ritstjórar

RITSTJÓRNARPISTILL

Kæru furðufuglar,

Okkur er sönn ánægja að kynna til leiks fyrsta tölublað Forynjunnar – tímarit um íslenskar furðusögur! Þessi hugmynd hefur gerjast lengi í hugum okkar beggja og byggir að hluta til á reynslu okkar úr íslensku furðusagnasenuinni en ekki síður á mislukkuðum tilraunum til að senda sögur út í erlend tímarit. Á þeim vettvangi varð okkar helsti sigur álitlegt safn höfnunarbréfa en samhliða því fengum við ágæta innsýn í gang og verkferli rafrænna tímarita sem snúa að smásögum – reynsla sem kveikti þá hugmynd að láta á það reyna að stofnsetja álíka blað á íslenskri tungu.

Tímarit hafa verið stoð og stytta tegundabókmennta frá því að aðgreining hófst á milli fagurbókmennta og annarra bókmenntahefða á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Tímarit á borð við *Argosy*, *Weird Tales* og *Amazing Stories* brutu blað – bókstaflega – í útgáfu á fantasíum, furðusögum, hryllingi, og vísindaskáldskap og á síðum þessara pölp-blaða (eða svo við notum gott og gilt íslenskt orð: „sorprita“) varð til vettvangur fyrir höfunda til að gera tilraunir með formið og stigu margir mikilvægustu höfundar geirans sín fyrstu skref hjá slíkum blöðum langt fram eftir síðustu öld.

Við sækjum innblástur til þeirra forvera okkar og tökum jafnframt ofan fyrir öllum þeim sem hafa staðið í því ströggli að gefa út og bera kyndil furðubókmennta hér á landi. Við vonum að íslenskir lesendur jafnt sem höfundar muni taka þessu framtaki okkar með opnum hug og hjálpi okkur að halda lífi í Forynjunni um ókomin ár, í gegnum dystópíska daga sem framundan eru og alla leið inn í stjörnubjart sólarpönkið sem bíður handan sjóndeildarhrings.

Í þessu tölublaði bjóðum við upp á sögu eftir Emil Hjörvar Petersen sem gerist í sama sagnaheimi og Víghólar, Einar Leif Nielsen segir okkur frá undarlegum atburðum á samsæriskenningaráðstefnu, og Gunnar Theodór Eggertsson, annar ritstjóra Forynjunnar, skrifar um myrkar hliðar íslensku jólasveinanna. Einnig er hér að finna þýdda sögu eftir Mary Robinette Kowal, þar sem tröll herja á vinnusvæði í Straumsvík, hressandi skessuljóð eftir Þórunni Valdimarsdóttur, og loks þjóðsögu til að tengja við þjóðararfinn, en ætlunin er að láta eina slíka fylgja í hverju blaði.

Þetta fyrsta tölublað kemur út samhliða IceCon í maí 2026 og við þökkum þeim höfundum sem voru til í að gefa okkur efni til að koma Forynjunni á flot. Við þökkum sérstaklega hirðlistamanninum Halli Karli Hinrikssyni fyrir að túlka Forynjuna myndrænt með sínum einstaka stíl og gera fyrir okkur bæði lógó og letur.

Við erum enn að átta okkur á formi og umfangi útgáfunnar en treystum á að þið lesendur sem eruð samferða okkur í furðunni lírið á alls kyns efni sem muni fá að prýða rafrænar síður Forynjunnar í fjölmörgum framtíðarblöðum og hlökkum til samfylgdarinnar.

Thule fhtagn!

Gunnar Theodór Eggertsson og Júlíus Árnason Kaaber, ritstjórar



KYNJASKEPNAN

EFTIR EMIL HJÖRVAR PETERSEN

Hér segir frá afdrifum persóna sem koma reglulega fyrir í bókaflokknum Handan Hulunnar (Víghólar, Sólhvörf, Nornasveimur og Skuld), „Kynjaskepnan“ birtist fyrst árið 2017 sem raðbók. Síðar kom hún út á ensku með titlinum „The Cryptid“ í smásagnasafninu The Best of World SF: Volume I (Head of Zeus, 2021). Hér birtist hún á íslensku á ný.



Sagt er að ormurinn sé horfinn. En aldrei hefur verið sannað að hann sé eða hafi verið til. Er þá hægt að segja að hann sé horfinn?

Fyrir utan hrörlegt bátaskýli situr Nýráður Njálsson, smjattar á harðfiski og viðrar efasemdir sínar. „Aldís, hvað sagði skógarvörðurinn nákvæmlega? Verður þér óhætt að kafa?“

Í síðdegissólinni glampar á kúluhattinn hans, gauðslitinn garm sem dvergurinn bónar tvisvar á dag. Þrátt fyrir athugasemdirnar er þessi undarlegi vélvirki sá eini sem hefur trú á verkefninu. Hann var sá eini sem svaraði auglýsingu minni eftir aðstoðarmanni.

Nýráður rífur harðfiskflakið í tvennt og býður mér annan helminginn. Garnirnar gaula eftir annasaman dag en ég hef samt enga lyst og afpakka.

„Sko,“ segi ég og dreg seiminn. „Hann fullyrti að ef ég klæddist þéttum þurrgalla ætti ég að geta verið hálf tíma í vatninu án þess að eiga á hættu að veikjast. Reyndar hélt ég að það yrðu tveir tímar eins og síðast. Þetta verður knappara en ég hélt.“

„Nægir ekki að skoða sig um frá kafbátinum?“

„Vatnið er of gruggugt. Ég verð að geta rýnt almennilega í botninn. Auk þess þarf að taka sýni ef við komumst á sporið, ef við finnum ummerki um orminn. Ég verð

að kafa — þarf að ræða það eitthvað frekar?“ Þegar ég beiti fyrir mig minni viðfrægu staðfestu, sem kollegar mínir í skepnufræðunum hafa lýst sem þvermóðsku, ypptir dvergurinn öxlum og heldur áfram kjamsinu.

Furðufugl, litli rauðbrúni kafbáturinn minn, flýtur við bryggjuna og rétt hjá stendur flutningabíllinn minn. Við Nýráður erum búin að yfirfara stýribúnaðinn í bátnum og aðgæta að allar lokur, ventlar, skrúfboltar og krækjur séu á sínum stað. Tannhjólin í nýju firnavélinni eru smurð og myrkrasteinninn innan í henni ætti að vera rétt stilltur. Þetta er sérstök myndavél sem kostaði mig morðfjár, en með henni ætti mér að takast að ná góðum myndum af hinu yfirnáttúrulega.

Allt er til reiðu. Allt verður að vera til reiðu.

Að öllum líkindum verður þetta síðasta rannsóknarferð mín í Lagarfljót. Vaxandi mengunin frá álverinu hefur hægt og bítandi brenglað fæðukeðjuna á svæðinu. Mengunarslys fyrir fimm árum fór nærri því að ganga af öllu lífi dauðu í vatninu. Grafnar tunnur með úrgangi frá álverinu skemmdust þegar öflugur jarðskjálfti reið yfir, viðbjóðurinn lak út í jarðveginn, niður í fljótið og ruddi sér leið inn í hringrás gróðurrikisins og dýralífsins. Með tímanum breyttist vatnið og varð gegnsýrt af óæskilegum efnum og er nú orðið eittrað, ertandi og skaðlegt dýrum og mönnum. Spurningar hafa vaknað um hvort eitthvað annað en ál sé einnig framleitt í verinu. Undanfarið ár hefur dauðum fiskitorfum skolað upp á land og eflaust líður ekki á löngu þar til skógurinn byrjar að sýna ummerki lekans.

Nýráður skimar yfir skóginn og lygnt fljótið. Undan hattinum og frakkakraganum glittir í hrjúfa húðina. Hann hefur rakað af sér allt skegg og reynir að leika hlutverk smáfaxinnar mannveru; sem dvergur í Mannheimi reynir hann að dyljast.

„Ef við finnum ekkert, hvað þá?“ spyr hann.

Líkt og hann lít ég yfir svæðið. Augu mín reika frá breiðu visnaðra lúpína, sem munu taka aftur við sér með sumrinu, niður að grárri fjörunni.

„Þá gætu þau haft rétt fyrir sér,“ dæsi ég. „Kannski er ormurinn horfinn. Eða dauður. Eða þeim mun verra, kannski hefur hann aldrei verið til. Þriggja ára rannsóknarvinna fer í vaskinn, flestöll gögn sem ég hef aflað verða gagnslaus og ég mun eiga litla von um að verða fastráðin hjá Rannsóknarmiðstöð skepnufræða, auk þess sem möguleikar mínir til að krækja mér í styrki minnka — og ekki voru þeir miklir fyrir.“ Örvæntingarfull bæti ég við: „Doktor Aldís Auðunsdóttir skepnufræðingur þyrfti að finna sér aðra vinnu.“

„Aðra vinnu? Hvílík örlög,“ skopast Nýráður.

Kankvís vaggar hann í átt til mín þar sem ég sit á bekk við viðarborð, hálfklædd í þurr gallann með öryggishjálminn og nýju sérhönnuðu köfunargrímuna mér við hlið. Gríman er lambhúshetta úr gúmmí með sjóngleri og hún á að vera nógu vel einangruð til að húð mín komist ekki í snertingu við vatnið. Ekkert loft kemst inn eða út nema í gegnum slönguna frá loftkútnum, en slangan er fest við munnstykki á lambhúshettunni.

„Er ekki komið að þessu? Við verðum að nýta birtuna,“ bendir hann á. „Sagðirðu ekki að talið sé að ormurinn sé á ferli seint á daginn og fram á kvöld?“ Hann drepur fingri á þykka möppu á borðinu. Út úr henni standa horn á gulnuðum blöðum.

„Svo segja sumar sögur, en ekki allar.“ Ég stend upp, tosa gallann upp yfir mitti og berst við að klæða mig í ermarnar. Það krefst leikni að koma mínum löngu handleggjum og skönkum fyrir inni í búningnum. „Sumir segjast hafa séð orminn að nóttu til, aðrir undir morgun.“

„En ekkert hefur verið sannað hvað það varðar, ef ég skil þig rétt. Ekki hægt að vita fyrir víst hvort það sem menn sáu hafi raunverulega verið kynjaskepnan.“

Ég jánka því til staðfestingar. „Rennum einu sinni enn yfir þetta áður en við förum niður.“ Ég opna möppuna og blaða í henni.



Kynjaskepnur eru yfirnáttúruleg dýr úr Hulduheimi. Skepnurnar sem hafast við í okkar heimi hafa oft ratað yfir mörkin fyrir slysi og ekki komist til baka. Það er markmið okkar skepnufræðinga að finna þær og rannsaka í því skyni að kortleggja og skilja dýraríki Hulduheims betur, og jafnvel varpa nýju ljósi á dýraríki Mannheims. Eftir að dvergurinn Nýráður hafði samband við mig opnaðist fyrir þann möguleika að fara yfir í Hulduheim og rannsaka þar, en margar hættur myndu fylgja slíkri för og því treysti ég mér ekki þangað yfir, ekki strax, kannski síðar. Auk þess hefur Nýráður sagt að hann vilji frekar starfa í heimi mannanna. Líkt og mér finnst honum áhugavert hvernig kynjaskepnurnar hafa aðlagast aðstæðunum hérna.

Til að komast upp úr flokki ímyndaðra þjóðsagnavera þurfa tvö eða fleiri áreiðanleg vitni að hafa komið auga á kynjaskepnu samtímis, auk þess sem að minnsta kosti ein ófölsuð ljósmynd af henni verður að liggja fyrir. Tilvist skepnunnar er síðan sönnuð endanlega með því að láta greina lífsýni hjá Rannsóknarmiðstöðinni.

Í tilviki Lagarfljótsormsins hafa ekki nógu margir verið viðstaddir í einu þegar ormurinn hefur látið sjá sig og enginn hefur náð af honum nægilega góðri mynd. Ormurinn telst því enn þjóðsagnavera.

Allajafna ræðst það af hentisemi hvenær fólk kýs að taka sögur um kynjaskepnur trúanlegar. Þegar svo ber undir er það ýmist til að státa sig af sérkennum byggðarlaga eða til að fá ferðamenn til að seilast lengra ofan í vasa sína. Nú kemur enginn að Lagarfljóti lengur sökum mengunar og sagan um orminn hefur glatað aðdráttaraflinu. Hann hefur verið afskrifaður.

Fólk vill sjaldan viðurkenna að þjóðsögur byggja oft á raunverulegum atburðum; frásögnum sem varðveist hafa í munnmælum og tekið breytingum í leiðinni. Mörgum þykir óþægilegt að hversdeginum þeirra sé raskað með yfirnáttúru og í þessum hraða nútíma gefa fáir sér tíma til að horfast í augu við hið ankannalega og flestu því sem er öðruvísi er ýtt til hliðar.

Í samanburði við fjölda skriflegra og munnlegra heimilda um álfa, huldufólk og drauga eru til sárafáar heimildir um kynjaskepnur. Ástæðan gæti meðal annars verið sú að sumar skepnanna eru með eindæmum mannfælnar og hafa því sjaldan

sést, en einnig sú að þeir sem sáu mannýgar skepnur lifðu ekki af. Dularfull hvörf fólks, þá og nú, gætu að hluta til tengst kynjaskepnur. Í þeim örfáu tilvikum sem raunverulegar kynjaskepnur ógna mannlífi eru skepnubanar fengnir til að veða þær. Slíkt er ekki í mínum verkahring, sem betur fer, því ég veit ekki hvort ég hefði það í mér að veða yfirnáttúruleg dýr, eða dýr yfirhöfuð.

Þrátt fyrir hversu stórkostlegar kynjaskepnur geta verið virðast fleiri hafa áhuga á álfum og huldufólki, en ekki til dæmis skuggaböldrum, fjörulöllum, skeljaskrímslum, nykrum og vatnaormum. Almennungur og yfirvöld skilja enn ekki hversu mikilvægt starf skepnufræðinga er. Þetta er ekki aðeins spurning um þekkingu, heldur einnig um almannaheill og fyrirbyggju.

Fjárveitingar til skepnufræða eru af skornum skammti og því er samkeppnin í kreðsunn mikil. Til að ná forskoti í rannsóknum á Lagarfljótsorminum hef ég þurft að leggja mikið undir; ég hef lagt nótt við nýtan dag í að viðað mér öllum mögulegum sögum um hann, allt frá fyrstu skráðu frásögninni í annál frá árinu 1345 til sögusagna samtímans, auk þess sem ég hef ferðast vítt og breitt um landið til að rannsaka aðra vatnaorma, til dæmis svarta Kleifarvatnsorminn á Reykjaneskaga. Hann er aðeins rétt um þrjú metrar á lengd, en sagt er að Lagarfljótsormurinn sé mun stærri og ég trúí því.

Undanfarin þrjú ár hef ég kafað sjö sinnum í Lagarfljóti og tel mig hafa fundið þrjú haldbær ummerki um orminn. Þau eru:

1. Ryðgaður tveggja metra langur keðjubútur sem gæti verið af búnaðinum sem ormurinn var bundinn með á fyrri hluta fjórtándu aldar. Vitanlega fannst ekkert lífrænt efni af kynjaskepnu á keðjunni, enda búin að vera í vatni í mörg hundruð ár. Sagan segir að tveir göldróttir Finnar hafi verið fengnir til að drepa orminn en áttað sig fljótt á því að það væri þeim ómögulegt og tekist að festa hann við botninn í staðinn. Önnur saga segir að Finnunum hafi ekki heppnast ætlunarverkið, ormurinn leyst sig úr læðingi á síðustu stundu og þeir verið étnir.

2. Hróga af dýrabeinum á tíu metra dýpi. Beinín voru illa farin, hægt var að greina bitför og enn héngu kjötflyksur á beinunum. Ég er ekki í vafa um að dýrahrajunum hefur verið sankað þarna saman og étin af stórri skepnu. Ef ormurinn var að verki þýðir það að hann sé farinn að leita upp á land eftir

æti, enda ekki mikið eftir af því í vatninu. Myndirnar sem ég tók af beinunum með gömlu myndavélinni voru ekki góðar, vélin léleg og myndirnar teknar í gegnum kýrauga á kafbátnum. Þegar ég kafaði sjálf seinna þann dag, til að freista þess að ná í eitthvað af beinunum, voru þau horfin. Ormurinn er slyngur. Hann hlýtur að hafa orðið mín var.

3. Hellismunni hjá ósnum, á mörkum fljótsins og stöðuvatnsins. Í skrám skepnufræðinga sem leituðu ormsins á árum áður kemur ekkert fram um þennan helli. Mín tilgáta er sú að hann hafi verið hulinn undir vatnagróðri sem nú er horfinn vegna mengunarinnar. Ef ormurinn heldur til í hellinum þyrfti ég sérútbúnað og meiri mannafla til að fara inn í hann, bæði vegna hættunnar sem getur stafað af orminum og dýptarinnar. Í öryggislínu ætti ég þó nú að geta komist fáeina metra ofan í hann. Síðast þegar ég kafaði þarna var köfunarbúnaðurinn farinn að gefa sig þegar að hellinum var komið og ég farin að finna töluvert fyrir þrýstingnum. En nú er ég með betri búnað og hef bætt köfunarþolið. Hellirinn er efst á lista hjá mér yfir það sem þarf að kanna, að öllu óbreyttu.

Enn flokkast þessi ummerki undir vísbendingar en ekki sönnunargögn. Liðið hjá Rannsóknarmiðstöðinni vill fá betri gögn áður en samþykkt verður að gera með mér fulla rannsókn á orminum með teymi og betri útbúnaði. Þau telja orminn hafa horfið eða dáið af völdum mengunar, það er að segja ef hann var þá til, en ég er þess fullviss að hann er hér enn. Í sumum frásögnum er talað um að hann sé eittraður. Hvers vegna getur sá möguleiki ekki verið fyrir hendi að hann sé ónæmur fyrir öðrum eitrefnum? Eða að hann þoli jafnvel mengunina hvort sem hann er eittraður eða ekki?

Nú er ástandið í vatninu þannig að venjuleg köfun án sérhæfðs búnaðar er á barmi þess að vera ómöguleg. Fjármunir mínir upturnin. Ég hef lagt allt undir. Þetta er síðasta tækifærið.

Áform okkar Nýráðs eru að þræða Lagarfljót á kafbátnum, alla leið upp að stöðuvatninu, Leginum. Ég hætti mér ekki sjálf ofan í vatnið nema við sjáum eitthvað mjög bitastætt. Þessar þrjátíu mínútur í kafi sem ég hef upp á að hlaupa

gætu ráðið úrslitum um framtíð mína. Ugglaust verður þetta tæpt. Þótt nýi þurr gallinn sé betri en sá gamli grafa eiturefnin sig í gegnum hann samt sem áður.



„Athugaðirðu kjölfestugeymana?“ kalla ég aftur fyrir mig svo glymur í kafbátnum.

„Það var það fyrsta sem ég gerði,“ svarar Nýráður aftur úr vélarúminu.

Vélin hummar og veggirnir hristast; Furðufugl tekur að syngja. Ég handfjatla skriðmælinn og dýptarmælinn, þríf blett af framrúðunni og tek því næst varlega utan um handföngin á stýribúnaðinum án þess að hreyfa við þeim, líkt og óperudraugur sem undirbýr orgelið sitt.

„Er þá ekki allt til reiðu?“

„Það held ég nú!“ Dvergurinn sest mäsandi við hliðina á mér og strýkur svitann af enninu án þess að taka niður hattinn. Fyrir aftan okkur eru tvö önnur sæti; það mega vera fjórir í bátnum, en þeirri tölu hefur aldrei verið náð.

„Þá leggjum við í hann!“ segi ég.

„Krossa fingur?“

„Já, krossum fingur.“

Vatnsgeymarnir taka að fyllast. Bryggjan, bátaskýlið og skógurinn hverfa smám saman og við tekur auðnin undir yfirborðinu. Þegar við nálgumst botninn náum við tókum á flotkraftinum. Túrbínan snýst, skrúfan aftan á bátnum einnig, við siglum áfram í kafi á meðan vellandi vatnið í kring spilar fyrir okkur sorgarsöng um lífið sem bærðist í því áður en álverið reis.

Það sem fyrir augu ber út um framrúðuna er tilkomulítið. Moldar- og rykagnir líða um, einstaka plastrusl strýkur rúðuna og dauðir þörungar og slý rótast upp af botninum eftir því sem við förum dýpra.

Endrum og sinnum tekur Nýráður um stýripinna á sæti sínu og stillir ljóskastarana á kafbátinum framanverðum.

Tannhjólin í firnavélinni gnísta fíngerðum tönnunum. Við höfum ekki séð mikið en ég tek samt myndir af öllu sem sker sig úr, til dæmis af förum í sandinum og brotnum steinum. Síðustu krónurnar fóru í þetta apparat svo það er eins gott að nýta þessar hundrað myndir sem myrkrasteinninn á að rúma.

Ferð okkar upp fljótið er mestanpart tíðindalítil. Það er ekki fyrr en við nálgumst stöðuvatnið að ég get sýnt Nýráði eitthvað áhugavert.

„Þarna fann ég beinahrúguna.“ Ég bendi út um framrúðuna.

„Hvar?“

„Þarna, í bugðunni sem liggur að hamrinum. Hamarinn er hluti af löngum og hníptum klettavegg sem nær niður í djúpan dal, dýpsta hluta fljótsins, hundrað og tólf metrar ef ég man rétt.“

„Hvað er þarna niðri?“

„Myrkur aðallega. Ég og fyrirrennari þinn sáum ekkert markvert þar síðast.“

„En átti orminum ekki að hafa verið sökkt þar sem dýpst er?“

„Jú. En þarna var ekkert. Allavega ekki síðast þegar ég fór. Og þarsíðast ...“

„Viltu þá sleppa því að fara þangað niður núna?“

„Ég efast um að við fyndum eitthvað. Betra að spara gallann.“

„Þá höldum við áfram.“

„Já, við höldum áfram.“

Við eigum enn eftir að kanna helminginn af austurhluta fljótsins en ópolinmæði mín dregur okkur að hellismunnum, þar sem hamarinn endar í ósnum milli fljótsins og stöðuvatnsins. Mótstraumur fljótsins er ögn harðari í ósnum og því vörpum við akkerum og látum okkur fljóta upp. Sveimum nú aðeins fimm metrum undir yfirborðinu.

Nýráður klórar sér af áfergju á vöngum líkt og hann væri með skegg, eflaust er það af gömlum vana. „Þessi hellir virðist liggja niður á við. Ef þú gerir mistök gætirðu fallið ofan í allt of mikið dýpi. Þrýstingurinn dræpi þig.“

Í gegnum gruggugt vatnið stari ég niður í hellinn, niður í hyldýpið og það starir á móti. „Það veit ég vel. En hallinn er ekki það mikill fremst og ég ætti ekki að þurfa að fara langt inn fyrir. Ef ormurinn fer hér reglulega inn og út hljóta að leynast ummerki um hann við munnann.“

Nýráður horfir vantrúa á mig en ég lít ákveðin á hann á móti.

„Ætlaðu virkilega að kafa núna?“ spyr hann.

„Já,“ svara ég hiklaust.

„En við eigum eftir að kanna allt stöðuvatnið. Hvað ef þú finnur ekkert þarna niðri og búnaðurinn verður ónothæfur, en svo sjáum við síðar eitthvað áhugavert sem þarf að kanna nánar?“

Viðbrögð hans koma mér á óvart.

„Hvers vegna hefurðu þessar áhyggjur? Ég borgaði þér fyrirfram, þú ert kominn með þín laun og þarft aðeins að fylgja fyrirskipunum mínum.“

„Er það ekki augljóst?“ Nýráður hækkar róminn. „Ég er vélvirki með mikla þekkingu á frumstæðum vélum og tækni míns heims, en ekki Mannheims. Þið eruð komin mun lengra áleiðis á því sviði en við, því meginþorri þeirra sem þið kallið vættir telur sig ekki háðan tækni, lætur töfrana nægja. Eins og ég sagði við vinkonu þína miðilinn og dóttur hennar, er ég hér til að fræðast. Tækni mannfólks, einkum hátækni sem mengar lítið, er töfrar í okkar

augum, sérstaklega hjá dvergum vegna þess að við búum yfir litlum töfrum. Ef þú sannar tilvist ormsins verður þú betur sett og getur haldið rannsóknunum áfram. Og við myndum starfa áfram saman ... er það ekki?“

„Að sjálfsögðu! Afsakaðu truntuskapinn í mér.“

„Ég hef trú á þessu. Öll gögnin þín, allar þessar sögur, öll þessi vinna — ætlarðu að fórna öllu fyrir eina fljótfærnislega köfun? Ég vil aðeins velta upp öðrum möguleikum áður en þú ferð í vatnið hérna.“

„Þetta er ekki fljótfærni.“ Ég athuga snöggvast hvort göt eða rispur séu á gallanum og finn blessunarlega ekkert. „Sjö sinnum hef ég siglt fram og aftur í fljótinu og alltaf hefur það verið sama sagan; ég hef fundið fátt markvert, nema að síðast uppgötvaði ég hellinn. Það var í lok köfunar og orðið of seint að fara ofan í hann, gallinn og gríman farin að gefa sig. Ef ég gægist núna hlýt ég að finna eitthvað.“

Nýráður virðist enn ekki vera sannfærður en hann hreyfir ekki fleiri mótbárum.

„Viltu vinsamlegast lengja í akkerinu og tæma úr geymunum,“ segi ég.

Dvergurinn gerir það og báturinn mjakast upp á yfirborðið. Á meðan set ég á mig loftkútinn, klæði mig í köfunargrímuna og festi hana kyrfilega við gallann.



Tekið er að kvölda. Frá heiðskírum himni varpar sólin rauðgulum geislum á vatnið svo það glitrar. Fögur sjón. En vatnið undir yfirborðinu er engan veginn fagurt. Þar sem ég stend ofan á Furðufugli sem marar hálfur í kafi ýkir þögnin í logninu upp hljóðin sem ég gef frá mér: andardrátt minn bakvið grímuna og brakið í gallanum þegar ég athuga loftkútinn, blöðkurnar, tólin sem hanga í beltinu og öryggislínuna sem Nýráður festi á mig.

Þá er komið að þessu. Nú er að duga eða drepast.

Áður en ég fer ofan í vatnið segi ég í litla talstöðvarhljóðnemann á vanganum:

„Þú manst að slaka út línunni, láta bátinn sökkva niður til mín, taka myndir og lýsa leiðina!“

„Já!“

Ég sekk. Og sekk. Finn gallann leggjast upp að húðinni og kuldann og þrýstinginn aukast. Sólarglæturnar ná varla í gegnum mengunarlagið og vatnið dekkist með hverjum metranum niður á við.

Í fyrstu syndi ég fylgdarlaust við myrkan botninn. Kveiki á ljósinu ofan á öryggishjálminum en það lýsir ekki langt.

„Fljótur, Nýráður. Tíminn er naumur.“

En hann svarar ekki. Hvað á þetta að þýða, er talstöðin búin að gefa sig? Djöfulsins drasl.

Kjölurinn á kabátinum kemur loks í ljós, lofbólurnar leika við Furðufugl, akkeriskeðjan dregst inn, öryggislínan dansar á milli okkar. Ég syndi fram á við.

Lít aftur upp og sé inn um framrúðu kabátsins. Þar inni situr Nýráður einbeittur við stjórnvölinn og stýrir ljóskösturunum á hellismunnann með íburðarmikla firnavélina í kjöltunni.

Leið mín er upplýst.

Ég ber hansaklædda höndina að grímunni. Grunnir skurðir eru komnir í efnið á þurr gallanum, þó er það ekki byrjað að flagna.

Sundið að hellinum er stutt en ég fer mér hægt, ég þoli þrýstinginn en verð samt að fara varlega. Vatnsniðurinn dýpkar, andardrátturinn verður örari, ég verð að halda rónni.

Hringlaga hellisopið er staðsett í ör litlum halla og því er mér mögulegt að fara grunnt inn án þess að falla ofan í hylðýpið. Óðara sem Nýráður veitir mér nægt ljós læt ég mig líða inn í hellinn.

Bergið er sléttara og sleipara en ég hafði búist við. Með blöðkunum næ ég engri fótfestu, en mér tekst að stilla mig af og ná flotjöfnun með því að taka í öryggislínuna. *Bergið er slétt* — gæti það þýtt að það hafi smám saman tekið á sig þessa mynd eftir óramargar ferðir ormsins inn og út í gegnum aldirnar? Ég verð að taka sýni.

Úr beltinu tek ég hamar, meitil og lítið box í bandi. Á meðan ég hamra flísar úr berginu og set í boxið tek ég eftir því að ysta lag ermanna er byrjað að flagna. Ég get ekki dundað mér við þetta lengi. Verð að finna eitthvað annað, eitthvað sem gæti flokkast sem afgerandi sönnun fyrir tilvist ormsins. Lít á klukkuna sem er áföst erminni. Ellefu mínútur eru liðnar síðan ég fór í vatnið. Nítján mínútur til stefnu.

Mér tekst að mjaka mér einn metra niður til viðbótar. Rétt fyrir framan mig hallar hellirinn næstum þverhnipt niður, inn í óþekktan sortann. Ég kemst ekki lengra.

Er þetta allt og sumt? Ekkert fleira sem ég get gert? Það getur ekki verið.

Ég reisi mig betur við og skoða veggina báðum megin við mig. Á vinstri hönd er eitthvað ... ég færi mig nær ...

Þarna er kista! Föst í gati á veggnum. Hún er að mestu úr ryðguðum málmi og lamir og festingar eru þaktar spanskgrænu.

Nei, getur það verið? Er þetta kistan? Hin eina sanna?

Í óðagoti missi ég stjórn á flotjöfnuninni, en rétt áður en ég sekk dýpra tekst mér að teygja langan handlegginn inn í gatið og ná taki á handfangi á hlið kistunnar og hífa mig aftur upp.

Kistan situr pikkföst. Ég toga og toga en allt kemur fyrir ekki. Það er engu líkara en henni hafi verið þrýst inn í holuna af miklu afli. Aftur tek ég upp hamarinn og meitilinn og tek til við að berja í sundurryðgaðan málminn, sem tekur nokkrar dýrmætar mínútur.

Núna eru átján mínútur liðnar. Liturinn á gallanum er ekki lengur koparrauður, heldur grár með svörtum rákum hér og hvar.

Í gegnum gat á kistunni dreg ég út gömul föt: vegleg pils, svuntu, höfuð- og hálsklúta, skrautbelti, forláta hálskraga — aldagömul föt heldri konu.

Nú kemur sér vel að vera svona mikill sláni. Ég teygi höndina lengra inn og róta í kistunni. Skyndilega ljúkast fingur mínir um harðan smáhlut, ég gríp um hann og dreg höndina út úr kistunni, út úr holunni. Í lófanum held ég á einhvers konar glingri.

Gullnæla!

Er sagan þá sönn ...?

Deilt hefur verið um hvort um gullhring eða gullnælu hafi verið að ræða. En hér er næla. Í helli. Sem hlýtur að vera dvalarstaður ormsins.

Upprunalega sagan um Lagarfljótsorminn segir að stúlka í sveitinni hafi fengið gullglingur (nælu, greinilega) að gjöf frá föður sínum, ríkum bónda og landeiganda. Stúlkan hafði heyrt að ef ormur væri lagður ofan á gull myndi mikill fjársjóður vaxa að ári liðnu. Í sakleysi sínu fann hún það sem hún hélt vera ósköp venjulegan lyngorm og setti hann með gullnælunni í tréöskju og geymdi í fatakistunni sinni. Viku seinna opnaði hún kistuna til að gá hvernig ástatt væri fyrir orminum. Þá hafði tréaskjan sprungið í spað, ormurinn stækkað og lét öllum illum látum. Fólkið á bænum fór þá með orminn í fatakistunni, út á vatnið og sökkki honum þar sem það var dýpst. Í framhaldi voru Finnarnir tveir fengnir til að kljást við sívaxandi orminn.

Það fylgir þó ekki sögunni hvort ormurinn sem stúlkan fann hafi verið vatnaormur, það er að segja kynjaskepna á stangli, ef til vill ungur ormur sem villst hafði yfir í Mannheim. Það er erfitt að segja til um hvers vegna hann varð svona gríðarlega stór eins og sögur segja. Það gæti orðið áhugavert að rannsaka seinna meir, ef sýnin og nælan verða til þess að Rannsóknarmiðstöðin ákveður að styðja við bakið á mér. Bara ef við Nýráður hefðum séð orminn og náð mynd af

honum, þá hefði þetta verið alveg borðleggjandi. Vonandi finnst eitthvað lífrænt í bergflísunum.

Svo upprifin er ég yfir þessari uppgötvun að ég gleymi næstum hvað tímanum líður. Ég hef aðeins sjö mínútur til stefnu! Verð að gefa Nýráði merki um að draga mig upp. Verð að koma mér upp á yfirborðið áður en búningurinn leysist upp. Ekki vil ég hætta á lífshættulegan húðskaða og veikindi.

Á leiðinni út úr hellinum velti ég því fyrir mér hvers vegna kistan sé hérna. Kom ormurinn henni fyrir? Gæti hún mögulega haft tilfinningalegt gildi fyrir hann? Tengir hann uppruna sinn við kistuna?



Ljósinn fyrir ofan mig blikka ört.

„Já, Nýráður, ég veit það, ég er tæp á tíma,“ muldra ég með sjálfri mér. Ég gef honum merki um að draga mig upp.

Þótt það strekkist á öryggislínunni halda ljóskastararnir á kafbátnum áfram að blikka. Hvað er að dvergnum?

Í ljósblossunum sé ég hvar Nýráður, kófsveittur, veifar og patar höndum á milli þess sem hann stýrir ljóskösturinum. Hann virðist kalla, jafnvel öskra hástöfum. Firnavélin liggur fyrir framan hann á mælaborðinu.

Hvert bendir hann? Þaðan sem við komum? Í átt að djúpa dalnum? Hvert er hann að beina öðrum ljóskastaranum?

Einmitt þegar líf mitt og starf hefur öðlast ríkari tilgang er ég komin í bráða lífshættu.

Ormurinn hefur verið þráhyggja hjá mér, hann hefur verið í draumum mínum í mörg ár. Núna sé ég hann en það lítur út fyrir að ég muni ekki komast héðan til að segja frá því.

Í senn verð ég klökk, agndofa og logandi hrædd.

Ógurleg skepna nálgast mig. Langur búkurinn liðast eins og gríðarstór og breið hringiða. Fjögur hreistruð bægsli blaka hægt en fleyta skepnunni hratt áfram. Opið ginið sýnir inn í eiturgrænan góminn, iðandi tungan beinist að mér, tennurnar eru fjölmargar og hver þeirra á stærð við fullvaxta dverg. Lagarfljótsormurinn gefur frá sér mikið öskur sem ég heyri illa en hljóðbylgjurnar berast með vatninu og skella á líkama mínum, dynja á sjónglerinu.

Í örvæntingu veifa ég til Nýráðs, en það þjónar engum tilgangi; hann gerir nú þegar allt sem í hans valdi stendur til að draga mig upp. Hægt — of hægt — hífist ég í öryggislínunni upp að kafbátnum.

Ég hangi í línunni eins og veiðibrað föst í gildru. Ormurinn nálgast óðfluga. Er þetta mín hinsta stund?

Vonandi mun ég ekki þjást. Í stað þess að missa stjórn á tilfinningum mínum og brotna niður gef ég Nýráði ósjálfrátt merki um að taka myndir, sem hann gerir með firnavélina liggjandi á mælaborðinu, með aðra hönd á stjórnstækjunum. Ef hann kemst óhultur upp á yfirborðið gæti hann séð til þess að verk mín lifi áfram, sýnt að ég hafi lagt mitt af mörkum í skepnufræðunum, séð til þess að mín verði minnst.

Ég stari ofan í ginið á Lagarfljótsorminum. Milli tannanna eru ferskar kjötleifar.

Skyndilega nemur hann staðar og horfir rannsakandi á mig og Furðufugl til skiptis, beinir höfðinu og löngum hálsinum til beggja hliða. Svo virðist sem hann telji sér standa meiri ógn af kafbátnum en mér. Dökk augun eru smá miðað við stærðina á öðrum líkamshlutum. Úr þeim les ég að hann búi yfir töluverðum vitsmunum, öfugt til að mynda við skeljaskrímsli sem lifa við litla vitsmuni en harðgera líkamsgerð.

Með krafti og snerpu ræðst risavaxinn ormurinn á kafbátinn, læsir tönnunum í skrokkinn og tekur að ýta honum skáhallt upp á yfirborðið, í átt að fjörunni, líkt

og hann sé að henda óboðnum gesti út. Enda er fljótið og stöðuvatnið hans heimili, hans heimur.

Ég sé hvar Nýráður flýgur aftur fyrir sig og firnavélin kastast af mælaborðinu í vegg og brotnar í spað. Andskotinn. Myndirnar áttu að negla sönnunina á tilvist kynjaskepnunnar.

Hangandi í öryggislínunni kippist ég með upp og slengist í bergið í hallanum með þeim afleiðingum að loftkúturinn springur og boxið með bergflísunum sundrast — sýnin eru glötuð! Eina loftið sem er eftir er í munnstykki grímunnar, ég dreg inn andann og held honum niðri, en það er fjarri því að vera auðvelt þar sem ég vingsast um í vatninu.

Lagarfljótsormurinn þrykkir Furðufugli harkalega upp eftir botninum, grjót ryðst úr vegi uns báturinn staðnæmist uppi á yfirborðinu, í fjörunni.

Á meðan á því stendur gefst mér augnabliks ráðrúm til að hugsa.

Hvers vegna sýnir ormurinn sig núna? Hvað er það sem dregur hann að okkur?

Og þá kveiki ég á perunni. Gullnælan! Hann hlýtur að tengjast henni sérstökum böndum. Í rannsóknum mínum og heimildavinnu hef ég komist að því að vatnaormar eru nurlarar; þeir safna verðmætum í greni sín og kjassa þau og sleikja. Þannig merkja ormar sér fjársjóðinn með vessum og geta skynjað hann úr fjarlægð, fylgst með hvort hreyft er við honum. Ég hefði haldið að verðmæti Lagarfljótsormsins væru djúpt ofan í hellinum, en kistan og innvols hennar hljóta að vera hans dýrmætustu eignir. Það er spurning hvort hann geymi kistuna svona ofarlega til að geta nálgast hana fljótt þegar hann ferðast um fljótið og haft unun af því að stinga tungunni í holuna.

Gullnælan hlýtur að vera orminum kærust, hann byrjaði að vaxa ofan á henni og hún er ástæða þess að hann er hérna.

Hvað var ég að hugsa með því að taka hana? Hvers vegna hugsaði ég ekki út í þetta fyrr? Ákefð mín blindaði mig og núna stend ég andspænis dauðanum. Ég get varla haldið andanum lengur niðri.

Ormurinn sleppir takinu á kafbátnum og smjattandi snýr hann sér að mér þar sem ég flýt upp í átt að yfirborðinu. Eftir að hafa átt við kafbátinn virðist ormurinn ekki jafn æfur og hreyfingarnar orðnar rólegri. Hann liðast upp að mér, staðnæmist, þrýstir mér ögn lengra ofan í vatnið með halanum og horfir stíft á næluna. Opnar svo kjaftinn og býr sig undir að glefsa í mig.

Í ráðaleysi veifa ég nælunni yfir höfði mér. Hún glitrar eilítið í þeirri litlu kvöldsólarglætu sem tekst að brjótast niður í vatnið. Ormurinn hættir við glefsið, lokar kjaftinum og fylgir nælunni eftir með augunum.

Þá sveifla ég handleggnum eins langt aftur fyrir mig og ég get og sleppi nælunni. Með furðulega fíngerðum hreyfingum grípur ormurinn hana í skoltinn, geymir hana þar og lygnir aftur augum. Halann notar hann nú til að strjúka næluna.

Samstundis spyrni ég mér upp á við og klifra í hallanum upp að yfirborðinu. Loftið helst ekki í lungunum á mér lengur, þau hafa gjörnýtt súrefnið.

Ég lít snöggt um öxl og sé Lagarfljótsorminn sveima ofurhægt í grynningunum líkt og hann sé annars hugar. Svo opnar hann augun og skotrar þeim til mín, en hann virðist þó ekki ætla að veita mér eftirför.

Í sömu andrá rís ég upp úr vatninu og skríð upp á fjörubakkann, reyni að standa upp en er orðin kraftlaus eftir átökin. Sé ekki neitt vegna móðu á glerinu. Ekkert loft kemst inn, get ekki andað. Reyni að losa um festingarnar aftan á öxlunum. Tekst ekki. Er að kafna. Fell aftur fyrir mig.

„Aldís!“ Dempuð rödd Nýráðs smýgur inn í meðvitundina. Hann veltir mér yfir á magann og byrjar undireins að reyna að losa um festingarnar. „Ekki reyna að hreyfa þig. Vertu kyrr!“

Hann er of lengi að þessu. Ég nota síðustu orkuagnirnar til að teygja mína löngu arma aftur fyrir bak og reyni aftur að losa grímuna frá gallanum ...

Loksins. Loksins fyllast lungun af svölu og röku vorlofti. Ég tek ör og mikil andköf. Skjálfandi kasta ég grímunni frá mér og hlæ taugaveikluðum hlátri. Hugur minn byrjar að skýrast aftur. Ég mætti orminum, sá hann loksins, komst

frá því lifandi en glataði sýnunum og nælunni og firnavélin brotnaði. Var þetta þá allt til einskis? Er ferli mínum sem skepnufræðingi lokið?

Andlit Nýráðs birtist yfir mér, allt í skránum. Enn er hann með kúluhattinn á sér. „Við sáum hann! Er ... er allt í lagi með þig?! Við sáum hann!“

Ég lít fram hjá Nýráði og bendi út á vatnið þar sem höfuð Lagarfljótsormsins stendur hálf upp úr. Kynjaskepnan starir illúðleg á okkur og virðist bíða eftir augnsambandi. Í fáein augnablik horfumst við í augu þar til ég átta mig á því hvað ormurinn er að gera: hann er að segja okkur að við séum ekki velkomin aftur. Að svo búnu hverfur hann aftur ofan í djúpið. Hann virtist ekki vera hungraður, af kjötflyksunum í tönnunum að dæma var hann nýbúinn að éta, en hann hefði engu að síður getað skriðið á land og tætt okkur í sig. Ef til vill er hann feginn því að hafa endurheimt næluna og lætur þar við sitja.

„Við sáum hann,“ segi ég dauflega, „en getum við sannað það? Við erum ekki með neitt í höndunum.“

Nýráður seilist í innri frakkavasann og tekur fram dökkbláan tindrandi stein. „Firnavélin brotnaði,“ segir hann skælbrosandi, „en það gerði myrkrasteinninn hins vegar ekki. Og sjáðu,“ hann bendir á Furðufugl sem liggur beyglaður á hlið í fjörunni með opna topploku, „sjáðu holurnar. Bitförin.“

Götin mynda hálfhring á vinstri hlið skrokksins og þar að auki eru fáeinar holur á kilinum. Kafbáturinn er gjörónýtur — en þetta gæti verið lán í óláni.

„Þú átt við að við gætum kannski fengið sýni úr holunum?“

„Og ekki bara það.“ Nýráður haltrar að bátinum. „Sérðu hana ekki?“

Másandi klöngrast ég á fætur, færi mig nær og sé þá brotna tönn standa upp úr efstu holunni.

Tönn úr orminum: lífræn sönnun. Myndirnar af því yfirnáttúrulega sem myrkrasteinninn geymir: sjónræn sönnun.

Ég klappa hendi á öxl aðstoðarmannsins míns. „Nýráður minn Njálsson. Núna látum við liðið hjá Rannsóknarmiðstöðinni éta ofan í sig efasemdirnar. Lagarfljótsormurinn er til og við getum sannað það!“



Síðar munum við snúa hingað aftur og gera ítarlegri athuganir með betri búnaði. Ormurinn hótaði okkur með augnaráði sínu, en ávinningurinn er engu að síður einnig hans. Með sönnun á tilvist frægustu kynjaskepnu landsins gæti Rannsóknarmiðstöð skepnufræða þrýst á stjórnvöld að láta hreinsa vatnið í fljótinu og þannig yrði heimkynnum ormsins komið í fyrra horf. Þegar aðdráttarafl Lagarfljóts hefur verið endurheimt flykkjast ferðamenn væntanlega hingað að nýju, sem einhverjir munu græða á, en stundum dugar ekkert annað en að lofa áhrifafólki gulli og grænum skógum í staðinn fyrir sjálfsagða náttúru- og yfirnáttúruvernd.

Þótt einhverjir komi til með að mala gull á orminum á hann vonandi eftir að geta lúrt áfram í leyni á sínu gulli. Um ár og aldir.

LÁRÉTT REGN

EFTIR MARY ROBINETTE KOWAL

þýðing eftir Júlíus Árnason Kaaber

Mary Robinette Kowal er margverðlaunaður bandarískur furðusagnahöfundur. Hún hlaut Hugo og Nebula verðlaunin fyrir Lady Astronaut bókaseríuna sína en hefur líka skrifað um töfra og glamúr á Regency-tímabilinu, drauga í fyrri heimsstyrjöldinni og hér, um tröll í Straumsvík. Hún þekkir vel til landsins, en hún bjó um tíma á Íslandi og starfaði sem brúðuleikari við Latabæ.



Maxwell Sanders þrýsti símanum nær eyranu eins og það myndi einhvern veginn hjálpa honum að skilja þetta. „Sagðirðu tröll?“

“Já, Max.” Hann sá fyrir sér stífa líkamsstöðu Amalú í hverju orði.

Hann strauk hendinni yfir höfuðið. „Ég get ekki endurgert teikningarnar af álverksmiðjunni bara vegna þess að verkstjórinn ykkar trúir á ævintýri.“

Suðið ogurgið á línunni minnti hann á að hún væri stödd á Íslandi. „Ég veit hvernig það hljómar en áttatíu prósent íbúanna hér trúa á álfa og tröll. Þannig að þegar verkstjórinn segir mér að þeir muni ekki halda áfram með byggingu verksmiðjunnar vegna þess að við séum að ryðjast inn á tröllasvæði get ég ekki bara hundsað hann.“

“Semdu þá við hann.”

Hún þagði nógu lengi þannig að Max hélt að hann sambandið slitnað, en svo barst rödd hennar yfir hafið og að skrifstofu hans í New York. „Ég held að við séum komin lengra en það.“

Max bankaði með fingrunum á skrifborðið áður en hann teygði sig í dagatalið.

„Viltu að ég komi þangað og tali við þau?“

“Hefur þú tíma til þess?” Ef hann hefði enn haft hár, hefði það risið á höfði hans. Amalía ætti að segja honum að hún gæti tekist á við þetta, eins og alltaf. Hún ætti að verða svolítið pirruð yfir ábendingu hans um að hún gæti þurft hjálp. Henni ætti ekki að vera létt. Max áttaði sig á því að hann héldi niðri í sér andanum og andaði hægt út. „Jú, ég hef tíma,“ laug hann. „Ég næ næstu flugvél.“

§ § §

Gluggalaust anddyrið á Keflavíkurflugvelli hvíldi á Max eins og innilokunarkennd í biðstöðu. Amalía stóð við eina af steypusúlunum sem húktu undir loftinu. Bros snerti létt varir hennar og hvarf, eins og það væri óþægilegt á andliti hennar. Hún lét undan New York-kveðjunni og endurgald kossinn á kinn hans af skyldurækni, en stóð óþægilega stíf. „Viltu hvíla þig á hótelinu þar til það birtir eða fara beint á vinnusvæðið?“

„Förum á staðinn.“ Kipptist hún við? „Ég get hvílt mig seinna í dag.“

“Tókstu með þér húfu? Það rignir.”

Max yppti öxlum. „Smá rigning skaðar ekki.“

Hann fylgdi Amaliu út um rennihurðina að bílastæðinu. Um leið og hann steig út skar regnið í andlitið. Regnið skall á upplýstu bílastæðin. Handan við daufu ljóspollana virtist nóttin grípa um jörðina. Hann hljóp yfir bílastæðið og stakk hökunni undir frakkann sinn á meðan kaldar regnnálar stungu hann í framan úr öllum áttum.

Amalía dró hettuna þéttar að höfðinu og sneri sér örlítið að honum. „Velkomin til Íslands.“ Þetta komst næst því að heyra hana segja brandara.

§ § §

Trjálaus fjöll, dekkri en himininn, gengu í bylgjum hægra megin við bílinn. Glitmerkin sitt hvoru megin við veginn það eina sem braut upp myrkið.

Max leit á úrið sitt. 9:37 fyrir hádegi. “Hvenær er sólarupprás á þessum árstíma?
”

“Um 10.” Amalia þagði, og sagði svo aftur eins og til að biðjast afsökunar á því að vita ekki nákvæmlega hvað klukkan sló. „Það er erfitt að segja þegar það er svona þungskýjað.”

Hún sagði fátt annað á leiðinni að vinnusvæðinu í Straumsvík. Max hafði aðeins komið til Íslands einu sinni áður, sem hluta af upphaflegu undirbúningsvinnunni fyrir skjólstæðing sinn. Síðan þá hafði Amalia tekist á við allt af sinni vanalegu skilvirkni. Hann leit á hana á meðan hún ók. Hún hafði aldrei verið málglöð, en nú virtist hún hafa dregið sig inn í skel; hendurnar voru límдар við stýrið.

Án ljósmengunar frá þéttbýli glóðu gulbrúnu ljósin á vinnusvæðinu við neðri hluta skýjanna og hæddust að döguninni.

Amalía nam staðar á malarvegi. Vindurinn sló bílinn eins og hann væri þeim reiður. Stórar vinnuvélar sátu hoknar í grýttu landslaginu og biðu eftir ökumönnum sínum.

Max gjóaði augum. „Hvar er starfsfólkið?”

„Það hætti allt í gær.” Amalía kreppti hnefana á stýrinu. „Ég skal sýna þér.“ Þegar hann steig út úr bílnum kastaði vindurinn rigningunni á hann. Hann dró kragann á frakkanum sínum lengra upp og fylgdi Amalíu yfir svæðið.

Við rannsóknarholu lá grafa á hliðinni. Brotinn griparmur gulu vélarinnar lá eins og risavaxin skepna sem hefði verið felld í veiðiferð. Hann dró andann djúpt. Hvað gæti snúið stál eins og sælgætispappír? Vökvi virtist blóðga dökka jörðina undir honum.

„Jesús minn, Amalía! Það var vinnuslys og þú sagðir mér það ekki?“ Hann þurrkaði rigninguna af sér og hunsaði úrkomuna sem hélt áfram að rigna yfir þau. Hann veifaði hendi að gröfunni. „Af hverju sagðirðu mér ekki frá þessu?“

„Vegna þess að ég get ekki trúað þessu nema vegna þess að ég stend hér. Hefðir þú trúað mér í New York?“

„Trúað hverju? Að skurðgrafan hafi dottið?“

Hún leit undan.

Max sneri sér við til og fylgdi augnaráði hennar en hnaut um á sprungnu hrauninu þegar hár Íslendingur gekk að þeim. Maðurinn leit út eins og víkingur í nútímaklæðnaði.

„Max, þetta er Snorri Gunnarsson, verkstjórinn minn.“ Snorri? Hvers konar nafn var það? Hjómaði eins og einn af dvergum sjö.

Max rétti fram hendina og heilsaði. „Ertu með einhverja hugmynd um hvernig þetta gæti hafa gerst?“

„Tröll.“

„Hvað í andsk-?“ Vindurinn þreif andann frá honum. „Ertu að segja mér að tröll hafi gert þetta?“

Snorri benti á tvo grjóthnullunga við endann á gröfunni. Steinarnir lágu hoknir á jörðinni eins og risavaxnir ruðningsleikmenn. „Þetta eru tvíburarnir,“ sagði hann, eins og það útskýrði eitthvað.

„Hvað meinarðu?“

„Þetta eru steinrunnin tröll. Við tókum eftir þeim fyrir stuttu, en vonuðum að þeir hefði verið einir á ferð.“

Max beið eftir brandaranum. Hann mundi óljóst eftir sögu um tröll sem breyttust í stein við dagrenningu, en þetta var ekki þjóðsaga, andskotinn hafi það!

„Er ekkert annað sem gæti hafa valdið þessu?“

Snorri hristi höfuðið. „Jú, mögulega, kannski, vindhviða gæti oltið gröfunni, en þetta,“ hann benti á beyglaðan og brotinn griparminn á gröfunni, „er ekki vindinum að kenna.“

Max fylgdi bendingu Snorra og starði aftur á gröfuna. Hvernig í andskotanum hafði þetta gerst? „Grín?“

„Nei.“ Neitunin datt eins og grjót milli þeirra.

„Max,“ Amalía steig nær, „við vorum hérna þegar þetta gerðist.“

“Sástu tröll?” Jesús. Hún var orðin geðveik.

„Nei.“ Hún hélt úlpunni nær sér og endurtók orð sem hljómuðu þaulæfð.

„Lúðvík ók gröfunni. Það var enginn að fylgjast með vegna þess að hann er fær. Við heyrðum ekkert fyrr en grafan skall á jörðinni vegna þess að aðrar vélar voru í gangi.“

„Ég hélt að þú værir að tala um hjátrú í símanum.“ Honum fannst vindurinn gnauða um í höfðinu. „Segðu mér að þú haldir ekki að tröll hafi gert þetta.“

„Ég—ég veit ekki.“

Max blístraði lágt og leit aftur á blettótta jörðina. „Hvað sagði vélamaðurinn?“ Hún stóð hreyfingarlaus og horfði út á sjóndeildarhringinn. „Hann er látinn.“



Max gekk fram og til baka um litla rýmið fyrir framan skrifborð Amalíu. Tröll. Hann horfði út um gluggann á gröfuna; langi armurinn teygður út í brotajárn. Hann hafði eytt klukkustundum í að skoða skemmdirnar og jörðina í kring, og að tala við Amalíu um það sem hún hafði séð. Hugsanir hans héldu áfram að snúast um sömu spurninguna: Hvað gæti valdið þess konar skemmdum?

Það heyrðist bank á hurðina á hjólhýsinu. Max hreytti úr sér: „Kom inn!“

Snorri steig inn í litlu skrifstofuna. „Klukkan er hálf fimm. Við ættum að koma okkur.“

Amalía stóð og teygði sig í úlpuna. Max hvessti augun á hana. „Við förum

ekkert strax.“ Ef hún hélt að það væru tröll hérna þá myndu þau freista þess að sjá þau.

Með aðra hendi á úlpunni hrökk hún frá og sneri sér undan. „Það er ekki öruggt að vera hérna eftir sólarlag,“ sagði Snorri.

„Þetta reddast.“ Max herpti varirnar í bros. „Takk fyrir hugulsemina.“

Vindurinn ýlfraði um vinnusvæðið og hristi skúrinn í leit að leið inn. Snorri hikaði í dyragættinni. „Viltu far, Amalía?“

„Nei takk, Snorri. Ég ætla vera hérna með Max,“ sagði hún dauflega, enn álútin. Snorri vætti varirnar og kinkaði kolli. „Vertu blessuð.“ Vindurinn skellti hurðinni á eftir honum.

„Hvað sagði hann?“

Amalía sleppti úlpunni og hneig í stólinn. „Bæ, í formlegu tali. *Farðu með blessun.*”

Max starði út um gluggann. Vindurinn barðist ótrauður yfir hraunbreiðurnar og sló á kletta sem voru þaktir grænum mosa. Ekkert gat sannfært hann um að reið tröll væru úti á reiki.

„Amalía, þetta er fáránlegt.”

Hún krosslagði hendurnar og greip um olnbogana eins og hún væri að reyna halda sér saman. „Ég veit.“

„Þú veist.”

„Já.“ Hún sat bein í baki í stólnum, stellingin eins stíf og hann mundi eftir. „Ég bað þig um að koma frá New York vegna vætta. Ég vil að þú endurhugsir plönin þín því ég hef skyndilega fengið trú á hinu yfirnáttúrulega.“ Hún þagnaði og kyngdi áður en hún hélt áfram með ískaldri ró. „Þetta virtist mjög skýrt í gær, en ég veit hvernig þetta hljómar, svo ég beið þangað til þú kæmir á staðinn til að segja þér allt. Ég hélt að þegar þú værir mættur myndir þú skilja þetta.“

Max kraup fyrir framan hana. „Sjáðu til. Það er sorglegt að þessi maður hafi látist en slys gerast í vinnunni. Að búa til ævintýri mun ekki vekja hann aftur til lífsins.“

Hún hélt svo fast í sig sjálfa að hann gat séð hendur hennar skjálfa. „Þú varst ekki hérna.“

„Og þú varst það? Þú sagðir sjálf að enginn sá hafi séð þetta fyrirbæri. Þetta var slys.“ Hvað hafði komið yfir hana? „Tröll eru ekki til.“

„Ég veit, en ég stari á rakhníf Ockhams og hann er –“ Hún hikaði. „Hann er að fara að skera mig á háls. Ég veit ekki hverju öðru ég á að trúa.“

„Við fáum einhvern til að rannsaka slysið og þeir munu segja þér að jörðin hafi færst til, eða að það hafi verið vindhviða eða –“

„Eða hvað?“

Max hryllti við sturluninni sem birtist í augum Amalíu. Hún rétti honum nafnspjald. „Við hringdum í lögregluna í gær; þeir gáfu mér þetta.“

Max gretti sig. „Álfamiðill?“ Hann strauk hendinni yfir höfuðið. „Er þetta grín?“

„Álfamiðill er manneskja sem sér og talar við álfa.“

„Frábært. Álfar líka? Hvað eru þeir hræddir við? Að Skellibjalla ætli að dreifa álfraryki á gröfurnar og nema þær á brott til Hvergilands?“

Amalía stökk úr stólnum. „Komdu með aðra útskýringu Max og ég skal glöð trúa henni.“

„Vindurinn er kröftugur hérna.“ Í þeim töluðu orðum hristi vindhviða vagninn. „Ég var einmitt að lesa á netinu um að vindurinn hafi velt ferðarútu í síðustu viku. Hann reif malbikið af veginum norður fyrir norðan.“

„Ég vildi óska að þú hefðir rétt fyrir þér.“ Hún starði út um gluggann á vaxandi

myrkrið á vinnusvæðinu. Regnið skall lárétt á glerinu. „Þú þekkir tæknilegu hliðarnar jafn vel og ég. Ég get alveg trúað því að vindurinn hafi velt gröfunni um koll, en útskýrðu fyrir mér hvernig hún sneri líka stálarminum alveg við og kramdi höfuðkúpu manns. Hvað hefur svona mikið kraftvægi?“

„Ég veit það ekki.“ Hann horfði á spegilmynd sína í glerinu nálgast Amalíu. „En þetta eru ekki tröll.“ Hann rétti fram hjá henni og benti á tvíburana. „Sjáðu. Þetta eru steinar. Ekki tröll. Steinar.“

„Myndi það auðvelda þér að breyta áætluninni ef ég hefði sagst vera sammála þér, en að við yrðum að friða heimamenn?“ Rödd hennar var aftur orðin ísköld og róleg.

Hann fannst hann óhulturi þegar vitfiring hennar var nær yfirborðinu.
„Kannski“

Amalía hallaði höfði upp að rúðunni.

Max settist niður, þreyttari en bara af flugþreytu. „Ókei. Hvað viltu að ég geri?“

„Breyttu verkáætluninni.“

„Það get ég ekki.“

„Hvers vegna ekki?“ Hún sneri sér að honum aftur og rétti úr sér. „Ef ég hefði sagt þér að við hefðum fundum grafreit hefðir þú ekki hikað við það. Hvaða munur er á því að virða mína trú á tröllum og að virða rotnandi leifar fólks sem dó fyrir svo löngu að enginn man eftir þeim?“

„Sko, þú veist að það er mun –“

Skúrinn kastaðist til í loftið og skall niður aftur. Amalía féll á hnén. Úti ýlfrudu vindhviðurnar.

Eitthvað stórt hreyfðist í rökkriinu. Max greip í stóllappirnar, hnúarnir hvítir, og

starði út um gluggann. Skúrinn skalf aftur og rann af stólpunum sem héldu honum uppi. Í einu, ótrúlegu vetfangi, fylgdist Max með gólfinu detta undan sér þegar kerran veltist á hliðina áður en þyngdaraflið tók við herberginu.

Hann barðist um að veggnum. Bókum rigndi niður í kring. Herbergið gróf þau í pappírs- og húsgagnaflóði.

Myrkur.

Max krafsaði í pappírana sem huldu andlit hans. Sársaukinn brann niður vinstri fótinn. Hann sneri sér við til að reyna að losa sig. Hann rétti út hendurnar í leit að því sem hélt honum föstum og strauk sléttan málmflöt. Hann náði andanum og reyndi að róa sig niður. Skrifborð. Skrifborð Amalíu hafði fallið á hann.

„Amalía?“

Hann heyrði ekkert í myrkrinu. Úti lamdi vindurinn skúrinn, hristi hann og gólaði í von um að sleppa inn fyrir.

„Amalía?“ Hann hvíslaði.

„Ég er hérna.“

Honum létti og kvíðann slakaði. „Er allt í lagi?“

Það leið heil eilífd áður en hún svaraði. „Ég held ekki.“

„Ha?“ Óttanum sló aftur niður. „Hvað er að?“

„Ég lenti á glugganum.“

Glugganum? Þá skildi hann hvað hafði gerst. Glugginn hlaut að hafa mölbrotnað undir henni. Inn í hana. „Ertu illa særð?“

„Já.“

Hann sneri sér við í von um að sjá hana en skrifborðið hélt honum föstum.
„Borðið liggur á löppinni.“

„Mig grunaði það.“ Hún þagði. Hvernig gat hún verið svona róleg? Hann sá fyrir sér hrukkuna sem birtist alltaf þegar hún var djúpt hugsi. „Nærðu að koma borðinu af þér?“

Hann settist upp. Við þetta skaust kvalartilfinning upp fótlegginn. Sviti perlaði hársvörðinn hans.

Með fingurna undir skrifborðsbrúninni lyfti hann borðinu upp. Togaði. Rembdist og teygði á móti þyngdinni. Skrifborðið færðist örlítið og muldi beinin hans. Max féll aftur fyrir sig af sársauka. Hann lá andstuttur, með andlitið í höndunum. „Ég get þetta ekki.“ Max langaði að að gráta en gat ekki náð andanum.

„Takk fyrir að reyna.“ Hún hljómaði sallaróleg, eins og ekkert hefði gerst.

„Fyrirgefðu.“ Hann lamdi hnefunum í vegginn fyrir neðan sig. „Fyrirgefðu, Amalía.“

„Þetta er allt í góðu. Við hefðum ekkert getað farið uppúr þessu.“

Hann teygði sig í átt að röddinni en átti erfitt með að sjá hana. „Hvers vegna?“

„Hurðin liggur á botninum.“

Max bölvaði lágt. Þögn ríkti á milli þeirra. Úti virtist ýlfríð magnast, hækka og lækka eins og flóðbylgja. Hann fann vindinn titra undir sér. Eitthvað skall taktfast á hlið hjólhýsisins, eins og trjágrein sem hélt takti í vindinum. Hann þvingaði sig til að muna eftir að hafa séð tré á meðal hrjóstrugra klettanna. „Hversu lengi þurfum við að bíða þangað til einhver kemur?“

„Þangað til að sólin kemur upp.“ Hún hikaði. „Mögulega seinna, ef það er skýjað.“

„En það er ekki fyrr en um tíu.“

Hún hló og hóstaði blóði. „Þeir eru hræddir við tröllin.“

Skúrinn nötraði. Járnöskur ómaði um herbergið. Vindurinn hrærði skyndilega í pappírnum og regnið vætti þá.

„Hvað var þetta?“

Röddin hennar rak í myrkrinu. „Fyndist þér þú vera öruggari ef ég segði að þetta væri vindurinn?“

SKESSURÍMA

EFTIR ÞÓRUNNI VALDIMARSDÓTTUR

Þórunn Valdimarsdóttir er um margt ævintýralegur höfundur sem blandar bæði skáldskap og sagnfræði í liflegum og persónulegum frásagnarstíl. Fyrsta skáldsaga hennar, Júlía (1992, Forlagið), er ljóðræn vísindaskáldsaga sem löngu er tímabært að endurmeta og færa í sambengi íslenskra furðufræða. Ljóðið sem hér birtist kom upphaflega út í ljóðabókinni Fagurboðar (2024, JPV).



S k e s s u r í m a

skessuríma frekjast fram
miðjumöð það mykjuskroð
mussu klessu frussu soð
nammi namm og krossa kramm
kyngi pyngju klaufa drammm

laufa lýkur loðnu fljótt
skipast veður skipa skjótt
lyngið á sinn laufa bing
mín er tunga mikið slyng
mullið mjúkt í ljóða gring

subbu krubbu krakka krúkt
komdu að éta barnið mjúkt
mild er mjöðm og glætan gleið
á beinum smám ei hvoftinn meið
mikið syngja ljótt þeir svörtu á Hólum

ljót er læðan lofti í
löngum syngur hí hí hí
blóð í vikum vætlar nóg
hó hó hó og svarta snjó
sósan sæt úr drullu mó

ét í nótt einn mætan mann
hafs úr liði heiti hann
feitur nóg og frussu fól
feykir grenji um mitt ból
kyrrmjúkt fær ósjúkt mitt maga skjól

Hjörtur blundar frammi í búr
blíður bíður vænn óklúr
á sunnudag vil sjóða hann
þann sönglags mann
leika ljúft og blítt við skalla
ét svo fingur einn svo tvo svo alla

mæðan skessur mýkir ei
sólin hækkar sitt með svei
ljós mun glenna dag sem nátt
þá silki myrkurs hafið blátt
með stjörnu dansinn hætta mun að skína
dimman hrafnfína
þá þori ég ekki út á hól
brennir birtan, ekkert skjól
þínist svöng hvern langan dag
aldrei nótt og aldrei lag
út að fara og fanga kjötrýr fól
sem hlaupa hér á fjöllum

niðri í sveitum feitir, æ
nenna ekki burt frá bæ
fussum fokk nú hjálpi tröllum öllum

hér og þar á lífsins völlum.

MEÐ OPNUM HUG

EFTIR EINAR LEIF NIELSEN

Einar Leif Nielsen er höfundur skáldsagnanna Sýndarglæpir, Hvítir Múrar Borgarinnar og Silfurfossar. Smásagan hans „Sniglastúpan“ hlaut Gaddakylfuna árið 2026.



Kristján hafði aldrei komið í Hörpuna áður. Dökkgrá tónleikahöllin hafði hingað til verið tákn menningarelíttunnar sem leit niður á hann og hans líka en nú var erindi. Hafði af fólki sem streymdi inn og út úr byggingunni vakti upp kvíða í Kristjáni. Kannski hefði verið betra að sitja heima og horfa á nýjustu þáttaröðina af Ancient Aliens. Hann ýtti stóru tanni upp úr gati á hægri Converse-skónum. Það hafði verið þarna í meira en ár og átti að vera djörf tiskuyfirlýsing.

„Ertu tilbúinn?“ spurði Aþena systir hans. Hún hallaði sér fram í bílstjórasetinu. „Það eru ansi margir þarna, ertu viss um að þú höndlir þetta?“

Kristjáni langaði heim, en móðir þeirra sagði að hann hefði gott af ráðstefnunni og hún myndi aldrei taka það í mál ef hann kæmi heim með skottið milli lappanna. Hann opnaði því hurðina og steig út án þess að segja orð.

„Ég ætla í ræktina á meðan,“ sagði Aþena, „en ekki hika við að hringja ef það er eitthvað.“

Kristján velti því fyrir sér hvort hún ætlaði virkilega að eyða öllum deginum í ræktinni en spurði ekki. Aþena var óþolandi fullkomin. Hann kinkaði kalli og gekk að innganginum. Hann grunaði ekki að þetta yrði í síðasta sinn sem þau sæju hvort annað.

Hann einbeitti sér að gatinu í skónum. Hann stakk í stúf við hina. Þau voru svo glöð. Voru þau að hlæja að honum? Sum voru klædd í búninga, sem var undarlegt. Hann hafði ekkert lesið um það í fréttabréfinu. Búningavalið var líka óvanalegt og passaði ekki við ráðstefnuna. Þarna voru sex Power Rangers saman í hóp, kvenlegur He-Man og eitthvert anime

skrímli sem var að mestu leyti úr tönnum. Hann vissi ekki hvaða samsæriskeningum búningarnir tengdust en gladdist yfir því hve margir deildu ástríðu hans.

Röðin að skráningarbásnum lá þvert yfir anddyrið og hreyfðist löturhægt. Kristján settist á gólfið en varð skyndilega mjög meðvitaður um sjálfan sig. Allir nema hann virtust vera hluti af hóp. Hann gæti staðið upp og fundið annan einfara en þorði því ekki og sat sem fastast. Hann færði sig hægt með röðinni. Eftir hálf tíma var loks komið að honum.

Hann lagði háskólaskilríkin sín á afgreiðsluborðið. „Ég heiti Kristján Sigurðsson. Ég fékk boðskort í tölvupósti en þar stóð að nafn mitt yrði á skrá hjá ykkur.“

„Lof mér að gá.“ Konan var með austurevrópskan hreim. Kristján gjóaði augunum á nafnplötuna hennar og sá að minnsta kosti tvö tvöfalt vaff. „Elskan mín, ég sé ekki neitt. Ertu viss um að þú hafir skráð þig á netinu?“

„Ég skráði mig ekki! Eins og ég sagði, fékk ég boð frá nefndarmanni ConspiracyCon.“

„Það útskýrir málið. Þú ert á röngum stað,“ sagði konan og benti upp. Kristján fylgdi fingri hennar. Stór borði hékk fyrir ofan þau og þar stóð Midgard 2013. „ConspiracyCon er á þriðju hæð. Salurinn heitir Þríund.“

Kristjáni leið eins og hálfvita. Þetta var einhver nördahátíð. Þess vegna voru allir í búningi og nú störfðu þau á hann. Sum hlógu og bentu. Sjáiði fíflíð. Hver er svona heimskur að fatta ekki að hann sé í rangri röð. Hann heyrði raddirnar þó að munnarnir hreyfðust ekki. Hann byrjaði að svitna. „Fyrirgefðu,“ sagði hann. Með snöggri hreyfingu greip hann skilríkin og setti upp hettuna á peysunni. Hann sneri sér til hægri.

„Ekki þangað, væni minn,“ sagði konan.

Hann sneri sér við og án þess að taka augun af gatinu á skónum gekk hann til vinstri.



Þriðja hæð Hörpunnar var mun rólegri. Hann gekk fram hjá salernunum og inn gang. Þar voru tvennar dyr, aðrar lágu að Eldborg en hinar voru opnar. Fyrir utan var skilti sem á stóð ConspiracyCon. Fyrir innan sat maður við borð en það var engin biðröð.

„Hæ, ég heiti Kristján. Ég fékk boð í tölvupósti.“

„Vá, þú ert þú!“ Maðurinn var miðaldra, fólleitur og í hvítri stuttermaskyrtu. Hann rótaði á borðinu þar til hann fann autt blað sem hann lagði fyrir framan Kristján. „Mætti ég nokkuð fá eiginhandararitun?“

„Ekkert mál,“ svaraði Kristján og rétti úr sér. Enginn hafði áður beðið hann um þannig lagað.

„Myndbandið þitt, Dark Skies, Dark Classrooms, er byltingarkennt. Hin myndböndin eru auðvitað líka góð, en – ég meina vá. Það breytti heimsmynd minni.“

Kristján skrifaði nafnið sitt á blaðið. Undanfarið ár hafði hann eignast stóran aðdáendahóp á netinu, sérstaklega á YouTube rás sinni, OpenYourMind. Það var auðveldara en að eiga samskipti við fólk þar en í raunheimum. Móðir hans sýndi áhugamálinu stuðning en allir aðrir í fjölskyldunni hlógu að vitleysunni í honum. Sérstaklega Aþena, hún gat stundum verið svo hrokafull. Hvað með það þó hún væri með doktorsgráðu í eðlisfræði. Það gerði hana ekki að sérfræðingi í neinu. Hún var alveg jafn blind og fjöldinn.

„Það umturnaði heimsmynd minni,“ endurtók afgangslumaðurinn.

Kristján kinkaði kolli hægt.

„Það umturnaði heimsmynd minni.“ Afgangslumaðurinn greip pennann og stakk honum í lærið á sér.

„Takk,“ sagði Kristján. Hann dró seiminn. Hann langaði að spyrja hvort það væri allt í lagi en fann kvíðann læðast að sér. Þetta kom honum ekkert við, hann vildi heldur ekki valda neinum óþægindum. Heilsa annarra var oft viðkvæmt umræðuefni, þannig að hann leit undan og flautaði X-Files lagið.

„Þú hefur gert svo mikið fyrir samfélag okkar.“ Afgreiðslumaðurinn lagði frá sér blóðugan pennann og setti blaðið með eiginhandarárituninni í vasann. „Geturðu beðið hérna í augnablik?“



Afgreiðslumaðurinn kom til baka með akfeitum manni í hvítum jakkafötum. Sá vagggaði í hverju skrefi eins og fílsrass.

„Kristján Sigurðsson, það er mér sönn ánægja að hitta þig,“ sagði feiti maðurinn á ensku. Hann var með staf sem hann hallaði sér á og tók í höndina á Kristjáni.

„Alex Connolly.“

„Vá! Í alvörunni?“ spurði Kristján.

„Þú hefur sem sagt heyrt um mig?“

„Auðvitað, hafa ekki allir gert það? Ég meina, það varst þú sem afhjúpaðir samsærið um þoturákir. Þú ert goðsögn. Ég les allt sem þú birtir á netinu.“

„Þakka þér kærlega.“ Alex hló og hóstaði um leið. „En því miður efast ég um að allir viti af mér. Aðeins örfáir upplýstir einstaklingar eins og þú. Fylgdu mér.“

Þeir röltu um ráðstefnugólfid fram hjá röð af básum sem seldu bækur, veggspjöld og DVD diska. Nokkrir voru með undarlega hluti til sýnis eins og NSA eftirlitshamra eða hulinshjálma sem vernduðu gegn hugarlestri. Á einu borði stóð krukka full af vökva og í vökvanum flaut gervihaus. Augun stórðu á Kristján. Hann var viss um það. Áður en hann gat sagt nokkuð þá kynnti Alex hann fyrir skeggjuðum manni og þegar hann leit til baka var krukkan horfin.

Þeir gengu áfram og Alex sagði: „Segðu mér svo, Kristján, hvers vegna ákvaðstu að gerast stríðsmaður sannleikans?“

„Ég sá heimildarmynd um fljúgandi furðuhluti þegar ég var tólf ára og varð algerlega heillaður.“

Alex þagnaði um stund. „Tólf ára? Það er frekar ungt. Þess vegna hefurðu getað haft svona djúpstæð áhrif á samfélagið. Ungur hugur er svo frjór. Tökum bara kenningar þínar um rafsegulsvið og kvíða sem dæmi, þær eru byltingarkenndar.“

Kristján hætti að hitta geðlækninn sinn eftir að hann klippti saman myndbandið um þær kenningar. Hvernig gat einhver kona út í bæ bætt andlegt ástand hans? Hún hafði verið lygari eins og svo margir aðrir svokallaðir sérfræðingar. „Takk,“ sagði Kristján.

„Nei, þakka þér,“ sagði Alex.

Kristján brosti. Síminn hans hringdi. Hann baðst afsökunar og svaraði.

„Hæ.“ Það var Aþena. Hún var andstutt. „Ég var að klára nokkur sett og langaði að heyra í þér. Vildi bara gá hvernig gengi. Þarf ég nokkuð að sækja þig fyrir?“

„Nei, ég er góður.“ Hann kinkaði kalli til Alex og gekk til hliðar. Maðurinn talaði líklega ekki íslensku en Kristjáni fannst þægilegra að hafa næði. „Allt gengur vel, allir eru einstaklega viðkunnanlegir og ég hef meira að segja hitt nokkra aðdáendur.“

„En frábært.“

Auðvitað var hrósið innantómt. Aþena hlustaði á almennar fréttir. Hún var alger uppvakningur. Fylgdi bara fjöldanum og leitaði aldrei að svörum. „Já, þeir kunna vel að meta mig.“ Við sölubásana stóðu skeggjaðir eða sköllóttir karlmenn en engin kona var sjáanleg.

„Gott að heyra. Mundu samt hvað Neil deGrasse Tyson segir, gáfað fólk gerir sér grein fyrir því að það veit ekki neitt.“

Þetta var það heimskulegasta sem Kristján hafði heyrt. „Þú veist að hann er loddari er það ekki?“

„Hver, Tyson?“

„Já, allir sem reyna að auka fjármögnun NASA eru hluti af samsæri þeirra.“

Aþena andvarpaði. Kristján sá fyrir sér hvernig hún nuddaði sér milli augnanna. „Skiptir engu. Dagurinn snýst um þig og ég vil bara að þú njótir þín.“

Þau kvöddust.

„Við ættum að halda áfram,“ sagði Alex eftir að Kristján lagði á. „Pallborðið bíður okkar!“

„Okkar?“

„Þegar svona hæfileikaríkur drengur kemur á ConspiracyCon, verð ég að leyfa rödd hans að heyrast.“

Kristján fraus í miðju skrefi. Hann svitnaði í lófunum.

„Hafðu engar áhyggjur, drengur minn. Þú munt standa þig vel. Hér eru allir vinir.“



Inni í salnum Ferund á fjórðu hæð sátu um fimmtán manns. Að mati Kristjáns hefðu þeir alveg eins getað verið fimmtán þúsund. Hann settist við borðið á sviðinu og brosti vandræðalega. Honum hlýnaði í framan.

„Kristján.“ Alex klappaði honum á bakið og benti á manninn sem sat við hlið hans. „Þetta er Peter Johnson. Ég treysti því að þú þekkir til hans.“

„Já, auðvitað,“ sagði Kristján. „Það er heiður að kynnst þér.“

Peter var horaður sláni og rauður í framan líkt og hann væri sólbrunninn. Hann var með þykk gleraugu sem voru of stór fyrir smábert andlitið. „Nei, minn er heiðurinn,“ sagði hann nefmæltur.

Kristján gat ekki trúað því að maðurinn sem uppljóstraði um nýja heimsreglu geimvera á Suðurskautinu hefði séð myndböndin hans. „Mætti ég nokkuð taka sjálfu með þér?“

„Einungis ef þú lofar að senda mér eintak.“

„Sjálfsagt,“ sagði Kristján og tók mynd. Hann leit á myndina til að ganga úr skugga um að hún væri í fókus. Á henni virtist olúkenndur vökvi leka úr hægra auga Peters. Kristján horfði á sætisféлага sinn en sá ekkert. Hann skoðaði myndina betur en líklega var lýsingin eitthvað að stríða honum, enda ólíklegt að Peter væri veikur á hátíðinni. Kristján bað Peter um tölvupóstfang og sendi honum afrit. Í tölvupóstinn skrifaði hann: *Til uppbalds geimverunnar minnar. Vonandi drægi það athygli frá illa tekinni myndinni. Því næst skrifaði hann Aþenu: Búinn að hitta fullt af ábugaverðu fólki. Hér eru engir loddarar eins og þessi Tyson. Þú hefur átt að koma með.*

Hún svaraði innan nokkurra sekúnda. *Ég elska þig og þú ert bróðir minn en ég gæti flogið þér til tunglsins, stungið andliti þínu ofan í skófar Armstrongs og þú myndir samt segja að tungllendingin væri lygi.*

Kristján lagði frá sér símann. Aþena þóttist alltaf vera svo gáfuð. Hún röflaði um rannsóknir og falsfréttir. Kristján þráði að sýna henni sannleikann og einn daginn tækist honum það.

„Jæja, ég sé að allir eru mættir svo það er best að við byrjum.“ Alex kynnti alla á pallborðinu. Kristján trúði ekki hverjir voru þarna ásamt honum og Peter: Eric Shiver, sem hafði sýnt fram á að helstu ráðamenn heimsins væru risaædlur, og George Handelman, sem hafði sannað að nasistar hefðu lent á Mars árið 1944.

Kristján var bergnuminn og kom varla upp orði þegar spurningarnar beindust að honum. Hann jafnaði sig þó fljótt þegar umræðuefnið leiddist að kenningum um víddarferðalanga í Klettafjöllum en um það hafði hann margt að segja.

Hið undarlega var að hinir nefndarmennirnir hlustuðu á hugmyndir hans. Áhorfendurnir voru líka áhugasamir og margir réttu upp hönd í lokin. Í fyrsta skipti á ævinni vildi einhver heyra það sem hann hafði að segja.



Að pallborðinu loknu stóð Alex upp. „Þetta var frábært.”

„Er það?“ spurði Kristján.

„Svo sannarlega, þú stóðst þig eins og hetja.“

„Þú skaraðir fram úr okkur hinum,“ sagði Peter. „Eric var meira að segja dálítið svekktur.“

„Þá ætti Eric að hafa staðreyndir sínar á hreinu.” Alex dró djúpt andann. „Allir vita að fyrsta lögmál varmafræðinnar afsannar tengingu mánans við sjávarföllin.“

Kristján brosti. Hann var stoltur af sér. Myndi Aþena fagna þessu með honum? Eða myndi hún segja eitthvað heimskulegt eins og „lögmál varmafræðinnar hafa ekkert með sjávarföllin að gera.“ Kristján ætlaði að skrifa bók um kenningar sínar og þegar hún trónaði á toppi metsölulistans yrði Aþena loksins að éta orð sín.

„Kemurðu í hádegisverðinn?“ spurði Peter.

„Ha?“ Kristján hafði verið djúpt hugsí og varla heyrt spurninguna.

Alex klappaði Kristjáni á bakið. „Auðvitað gerir hann það. Þetta er afskaplega óformlegt. Bara við nefndarmenn og skipuleggjendurnir. Þú átt eftir að vekja mikla lukku.“

Kristján greip bakpokann sinn en missti hann jafnóðum aftur undir borðið á sviðinu. Hann fór niður á fjórar fætur til að ná í bakpokann. „Í alvöru?“ sagði hann. Honum leið eins og hálfvita. Mennirnir biðu á meðan hann teygði sig undir borðið.

„Auðvitað,“ sagði Alex. „Þú verður mikilvægasti gesturinn í herbergi fullu af helstu hugmyndasmiðum samtímans!“

„Ekki hlusta á bullið í honum,“ sagði Peter. „Þetta er ósköp venjulegur hádegisverður. En það er búið að leigja fundarherbergi á sjöundu hæð og útsýnið er himneskt.“



Þeir tóku lyftuna upp á sjöttu hæð og Peter hafði rétt fyrir sér. Útsýnið var stórkostlegt. Salurinn Björtuloft var með bar, svölum, leðursófum og stiga upp á aðra hæð. Hvergi var starfsfólk sjáanlegt. Mögulega hafði Alex beðið um næði. Þeir gengu upp stigann en þar var stórt hvítt fundarborð. Þarna mætti líklega menningarelíta Reykjavíkur og gerði lítið úr pöpulnum. Nú var þó allt annað uppi á teningnum, því stríðsmenn sannleikans voru mættir til leiks í þessari spillingarhöll. Elítan myndi ábyggilega froðufella ef hún vissi af því.

Eric og George sátu þegar við borðið ásamt öðrum frægum samsæriskenningasmiðum. Kristján trúði ekki hvað hann hafði verið heppinn. Þvílíkur sæludagur. Hann hugsaði um að afsaka sig, hringja í Apenu og segja henni frá öllu saman. Hún myndi samt gera lítið úr gleði hans. Kalla mennina við borðið rugludalla og nýaldarfrík.

Alex settist við enda borðsins. „Kristján, vinsamlegast fáðu þér sæti.“

Hann gerði eins og um var beðið. Á miðju borðinu var kringlótt fiskabúr. Í því var undarlegt dýr sem minnti á kolkrabba. Það var samt of stórt fyrir búið og þrýsti á glerið. „Hvað er þetta?“

„Ég skal segja þér það eftir augnablik.“ Alex stóð upp og kastaði mæðinni í nokkrar sekúndur áður en hann hélt áfram. „Ég geri ráð fyrir að þið hafið allir fylgst með frammistöðu Kristjáns á pallborðinu áðan?“

Matargestirnir kinkuðu kolli.

„Vill einhver breyta atkvæði sínu eða er mér frjálst að halda áfram?“

Enginn sagði neitt. Kristján skildi ekkert hvað maðurinn var að tala um. Hann þorði samt ekki að spyrja. Auk þess myndi það trufla fundinn. Allt var svo formlegt og hann var bara glaður að fá að vera með.

„Kristján,“ sagði Alex, „ég lofaði að segja þér sannleikann og hér kemur hann. Í fiskabúrinu er nýr Kristján sem mun koma í staðinn fyrir þig.“

„Ha?“ spurði Kristján og hló. Þetta hlaut að vera brandari. Hann horfði í kringum sig en engum öðrum fannst þetta fyndið. Dýrið í fiskabúrinu hreyfði sig. Hann fékk hroll og reyndi að standa upp en gat það ekki. Það var eins og kraftsvið héldi honum föstum.

„Já, þú hefur dásamlegar hugmyndir en ert alveg hræðilegur sögumaður, sem er akkúrat vandamálið,“ sagði Alex. „Okkur vantar góða sögumenn. Gzíorgíz, eða nýi Kristján,“ Alex benti á fiskabúrið, „er menntað leikskáld frá plánetunni Draconis.“

„Plánetunni Draconis?“ Kristján barðist um en gat hvorki hreyft legg né lið. „Nýi Kristján?“ Þeir voru að stríða honum. Þetta var bara grín. En hvað var í fiskabúrinu? Það var augljóslega lifandi, hreyfði sig reglulega og þráði að komast út.

„Sko, þannig er mál með vexti að það er sannleikskorn í kenningum Erics um risaeðlur sem tekið hafa yfir ríkisstjórnir heimsins. Að vísu eru það geimverur en ekki fornar eðlur og við höfum ekkert skipt okkur af stjórn málum. Við erum frá nokkrum ólíkum plánetum og markmið okkar hefur ekkert með heimsyfirráð að gera. Upphaflega var þetta bara brandari. Við ákváðum að búa til sögur, samsæri og dreifa þeim um samfélög ykkar. Eftir því sem tíminn leið þá urðu sögunnar ýktari en hið undarlega var að fleiri trúðu vitleysunni. Brandarinn varð fyndnari með hverju ári. Svo kom internetið.“ Hann kyssti fingurgómana. „Ég meina vitleysan sem þið Jarðarbúar gleypið við er hreint út sagt ótrúleg. Nú ætlum við að færa út kvíarnar og þar koma þú og Gzíorgíz til sögunnar.“ Þrír þykkir fálmarar teygðu sig upp úr fiskabúrinu. „YouTube rásin þín er frábær vettvangur til að prófa nýja hluti. Við getum sagt hvað sem er og ef einhver heldur fram hinu gagnstæða getum við bara eytt ummælum þeirra.“ Alex hló en hláturinn breyttist í hósta. Beittar tennur komu út úr fálmurunum sem grófu sig í borðplötuna.

Dýrið dró restina af líkamanum upp úr skálinni. Það smell í borðið eins og dauð marglytta. „Það gleður mig því að kynna þig fyrir staðgengli þínum. Hann mun éta heilann á þér, melta minningarnar og eftir það mun hann fjölga áskrifendum þínum. Finnst þér það ekki spennandi?“

Kristján ofandaði. Þetta hlaut að vera ímyndun. Hann var að dreyma. Kom nokkuð annað til greina? Auðvitað, enginn hefði viljað hann í pallborð. Hann þurfti bara að einbeita sér og þá myndi hann vakna.

Dýrið færðist nær og nær. Það skildi eftir sig slóð af grænu slími á hvítu borðinu. Það var með fjölda augna og minnti á einhvers konar bjagaða blöndu af könguló og kolkrabba. Útlimirnir voru þó fleiri en átta. Sumir voru mjúkir en voru með fjóra kúluliði. Gzíorgíz snerti hettupeysu Kristjáns. Hann herptist allur. Það var eins og risastór ánamaðkur fíkraði sig upp handlegginn. Hann öskraði. Allir samsæriskenningasmiðirnir fylgdust áhugasamir með. Alex tók síma úr jakkavasanum. „Brostu fyrir myndavélina.“

Dýrið greip um axlirnar. Tennurnar í fálmurunum grófu sig inn í axlarvöðvann. Blóð lak niður líkamann. Hann hlaut að geta komið sér í burtu. Dýrið dró sig upp eftir búknum. Fálmari vafði sig utan um hálsinn. Útlimirnir með kúluliðunum höfðu staka kló á endanum. Þær stungust ofan í borðplötuna. Það brakaði í viðnum er ófreskjan lyfti sér upp. Augun voru óteljandi. Þau störfu forvitin á Kristján. Slímugur fálmari rann eftir kinninni. Lyktin var eins og úldinn fiskur. Eitthvað stakk sér inn í hægri nösina. Hún gaf eftir. Dýrið kafaði dýpra inn í nefholið. Eitthvað brotnaði inni í höfðinu. Augun fylltust af tárur. Þrýstingurinn inn í höfðinu var óbærilegur. Tveir aðrir fálmarar þröngvuðu sér í gegnum augnatóftirnar. Eina sem komst að var sársauki. Augun sprungu eins og vatnsblöðrur. Allt varð svart. Eitthvað heitt lak niður andlitið. Kristján öskraði í hinsta sinn.



Aþena renndi bílnum upp að Hörpu. Kristján stóð til hliðar við innganginn og spjallaði við dökkhærða stúlku. Hann var svo ólíkur sjálfum sér. Beinn í baki, með sjarmerandi bros og ofan á allt annað þá hló hann. Ekki nóg með það, stúlkan gerði það líka. Eitthvað var öðruvísi. Breytingin var samt jákvæð. Hún hafði ekki

séð bróður sinn svona glaðan í áraráðir. Hún flautaði. Hann kvaddi stúlkuna, gekk hægt að bílnum og settist í farþegasætið.

„Hæ, hver var þetta?“

„Bara stúlka sem vinnur í móttökunni. Hún bauðst til að bíða með mér.“ Hann spennti beltið.

„Hvað er að sjá þig, þú ert eins og nýr maður! Var svona gaman?“

„Já, það var alveg frábært.“ Hortaumur lak úr hægri nösinni en sogaðist jafnóðum upp aftur. Hann hlykkjaðist til, líkt og slanga. Auðvitað gat það ekki verið. Aþena var greinilega þreytt eftir ræktina.

Hún greip servíettu milli sætana. „Hérna, þú þarft að snýta þér.“

„Nei, það getur ekki verið.“ Kristján lagði pappírinn létt upp að nefinu og sýndi systur sinni. „Sko, ekki neitt! Ertu nokkuð orðin ímyndunarveik?“

VETRARSAGA

EFTIR GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON

Gunnar Theodór Eggertsson er annar ritstjóra Forynjunnar og hefur skrifað fjölda ævintýralegra bóka fyrir unga sem aldna lesendur. Hann hóf hins vegar ferilinn með bryllingssmásögu sem hlaut Gaddakylfuna, verðlaun Hins íslenska glæpafélags, árið 2005 fyrir bestu hrollvekjju. “Vetrarsaga” kom upphaflega út í sérhefti Mannlífs, Nýjar íslenskar hrollvekjur, sama ár en birtist nú á vegum Forynjunnar rúmum tuttugu árum síðar. Hér segir frá foreldrum fyrr á öldum sem smúa vörn í sókn þegar tækiferi gefst til að leita hefnda fyrir barnamissi og veiða nokkra jólasveina. Þótt Gunnar sé þekktastur fyrir barnabækur sínar, þá ber að nefna að þessi saga alls ekki við hæfi barna.



I

Ég vaknaði við ógurlegan skell og gat ekki hreyft mig af hræðslu. Ég starði upp í opinn ljórann. Það var stormur úti. Ég einbeitti mér að snjókornunum sem féllu í átt að rúminu og fylgdist með þeim hverfa inn í hitann í herberginu. Ég reyndi að sannfæra mig um að skellurinn væri ímyndun. Tilhugsunin um að þeir væru komnir aftur var mér ofviða. Ég lá grafkyrr og kófsveittur og teygði mig yfir til Arnþrúðar sem lá sofandi við hliðina á mér. En ég var einn í herberginu.

Annar skellur rauf þögnina. Ég settist upp í rúminu og fylgdist með snjókornunum bráðna í myrkrinu – fastur milli martraðar og veruleika. Var ég vakandi? Hafði ég sofið? Ég mundi ekkert eftir kvöldinu áður. Ég hef drukkið mig í svefn síðan Hlynur litli hvarf fyrir tólf dögum. Ég hlustaði á þögnina. Ég hlustaði á vindinn væla um gluggann fyrir ofan mig. Þegar þriðji skellurinn hristi húsið stóð ég á fætur og staulaðist fram göngin án þess að taka eftir andlitinu sem teygði sig yfir skjáinn og fylgdist með mér.

Um leið og ég hafði stigið fram fékk ég sting í höfuðið og sá ekki neitt. Ég var með hnífa í eyrunum sem snerust hring eftir hring svo að augun þrýstust út úr augntóftunum. Ekki í fyrsta sinn. Ég féll í moldargólfið. Ég stóð á fætur. Ég

varð að fara niður og finna Arnþrúði og barnið. Enn einn skellurinn glumdi um göngin.

Þegar ég kom niður voru útidyrnar opnar og ég sá hvernig vindurinn opnaði og skellti þeim að vild. Ég leit út en sá ekkert nema snjóinn. Ég lokaði og læsti og tók eftir blóðslóðinni sem lá frá anddyrinu niður að kjallara. Ég kveikti á olíulampanum sem hékk við kjallarahurðina og hlustaði á þögnina. Ég hlustaði á barnið væla í gegnum hurðina fyrir neðan mig.

Þegar ég kom niður sá ég Guðrúnu grenjandi í körfunni sinni, Hlyn meðvitundarlausan á gólfinu og Arnþrúði sitjandi klovvega ofan á liggjandi karlmanni. Klæði hennar voru tætt og rifin, það blæddi úr andlitinu og hún hélt dauðataki utan um háls mannsins á gólfinu sem var hreyfingarlaus og löngu dauður. Það vantaði báða fæturna á Hlyn og þrjá fingur á hægri hönd. Þegar Arnþrúður sá mig sleppti hún takinu og saman hugguðum við Guðrúnu og bjuggum um sár Hlyns. Við vorum frávita af hræðslu. Hún sagði mér að þeir hefði komið aftur og viljað fá að skipta á börnum. Þeir vildu skila okkur Hlyni og fá Guðrúnu í staðinn. Þeir hafa aldrei skilað neinu á lífi.

Hún hafði vaknað við ógurlegan skell og reynt að vekja mig. Þeir stóðu við bæjardyrnar með Hlyn blóðugan í fanginu og hún fór og sótti Guðrúnu í barnakörfunni. Um leið og annar þeirra hafði stigið fæti inn í húsið greip Arnþrúður hníf sem hún hafði falið í körfunni og stakk hann í síðuna. Hún flúði með Guðrúnu niður í kjallara á meðan hinn hugði að særðum félaganum sínum. Þegar hún sneri aftur upp að sækja Hlyn voru þeir báðir horfnir. Hún dró son okkar niður í kjallara og sá þá hvar hinn ósærði skreið inn um gluggann til að ná barninu í körfunni. Arnþrúður réðst til hans af öllu aflu, yfirbugaði hann og kyrkti til bana. Eftir að hún sagði mér frá því sem gerst hafði leit ég í átt að glugganum sem hann hafði skriðið gegnum og í augnablik tók ég eftir andlitinu sem fylgdist með okkur og hvarf umsvifalaust aftur inn í snjóstorminn. Ég greip öxina sem við geymum við eldiviðarhrúguna og hljóp út en sá ekkert nema snjóinn. Því sneri ég aftur til kjallarans þar sem Arnþrúður var að vefja klæðum um sár sonar okkar, gekk að líkinu á gólfinu og hjó af því höfuðið í þremur þungum höggum.

II

Þetta er höfuðið sem hangir hér á veggnum. Þetta er andlit hans sem hefur rænt börnum okkar. Eitt andlit af mörgum. Það eru liðnir þrír sólarhringar og Hlynur er farinn að jafna sig. Hann getur talað núna. Hann getur sagt okkur hvar þau halda sig. Vonandi hafa þau ekki náð að flytja sig um set.

Hjá mér er hópur þorpsbúa sem hafa allir misst niðja sína til fjölskyldunnar á fjallinu. Það eru fá börn eftir í þorpinu. Ættartrén eru við það að falla. Hópurinn hefur mætt með öll þau vopn sem okkur bjóðast – hamra, axir, heygaffla, skóflur og hnífa – og í dag ætlum við að finna morðingjabælið. Hlynur er kominn til meðvitundar. Ég segi honum að við höfum farið út á hverjum degi, upp á fjöll og leitað þeirra. Á hverjum degi. Aldrei fundið neitt. En Hlynur er farinn að jafna sig. Hann getur ekki gengið framar. En hann getur talað.

Hann lýsir hellinum fyrir okkur. Hann lýsir leiðinni þangað. Hann lagði allt á minnið. Duglegur strákur. Hann lýsir því sem gerðist inni í hellinum. Hann lýsir beinahrúgunum. Höfuðkúpunum sem skreyta veggina. Kerlingunni og karlinum og pottinum þar sem þau matreiða börnin. Sonum þeirra sem veiða í matinn. Hann lýsir því þegar hann sá þau stinga lifandi ungbarni í sjóðandi vatn. Hann lýsir því þegar þau neyddu hann til að borða með sér. Hann lýsir kattarkvikindinu sem fær að naga beinin og gæða sér á leifunum. Kattarkvikindinu sem klóraði hann og beit í sífellu og tók af honum þrjá fingur. Hann segir okkur að hjónin borði aðeins ungbarnakjöt. Þess vegna luku þau ekki við hann. Smökkuðu á fótleggjunum en gáfu kettinum afganginn. Þannig komst kvikindið upp á bragðið. Tók af honum þrjá fingur. Þegar þau komust að því að Hlynur ætti yngri systur sendu þau synina að sækja hana. Þau ætluðu að gabba foreldrana með því að bjóða þeim eldra barnið til baka. En mamma bjargaði mér, segir hann. Mamma bjargaði okkur báðum.

Loksins hefur einhver komist lífs af. Við fáum leiðbeiningar og höldum upp á fjall. Við göngum snjóinn hálfan dag áður en við finnum hellismunnann í mjórri klettasprungu. Við höldum vopnuð inn en komumst fljótt að því að enginn er á staðnum. Þau hafa stungið af. Hellirinn lyktar. Við finnum hrúgur af beinum.

Hauskúpur á veggjum. Leifar af eldstó. Það er saur og hland í hornunum. Nálykt. Hjónin eru horfin. Farin á nýjar slóðir. Þriggja daga forskot. Komin í annan landshluta. Öll fjölskyldan. Við náum þeim aldrei.

III

Við söfnum saman beinum og reynum að raða saman líkómum. Ekkert okkar getur borið kennsl á líkin. Ekkert okkar finnur börnin sín. Líkin eru mun fleiri en við héldum. Við grátum þau öll. Við gröfum margar holur og myndum lítinn kirkjugarð í fjallshlíðinni. Presturinn blessar svæðið. Hann hefur misst dóttur sína. Hlíðin verður heilagur staður. Hingað mun engin óvættur hætta sér framar.

Á leiðinni niður hlíðina tek ég eftir tveimur þeirra sem fylgjast með okkur úr fjarska. Um leið og við verðum vör við þá taka þeir á flótta upp fjallið. Við eltum og náum þeim fljótlega. Þeir ferðast hægt. Annar þeirra er lágvaxinn og tekur lítil skref. Hinn er gríðarhár en haltrar. Við náum þeim og drögum þá með okkur niður í þorp. Þeir eru greinilega bræður. Þei reru ófriðir og lykta viðurstyggilega. Lykta eins og hellirinn.

Við pínum þá til að tala. Við heimtum að fá að vita hvert fjölskyldan hefur flúið. Þeir tala ekki. Segjast hafa verið í burtu og komið heim að tómunum helli. Við drögum neglum af fingrum og tám. Við höggvum í hnéskeljar þess hávaxna og stingum augun úr þeim lágvaxna. Þeir segjast ekkert vita. Okkur liggur ekkert á. Við höfum alla nóttina. Við sækjum skóflur og gröfum djúpa gröf fyrir utan þorpið. Jörðin er frosin. Við fleygjum þeim ofan í. Af moldu eru þeir komnir og til moldar skulu þeir aftur hverfa, segir presturinn áður en hann moka með fyrstu skóflunni í andlit þess lágvaxna. Við röðum okkur upp hringinn í kringum gröfina og byrjum öll að moka. Með hverri skóflustungu fá þeir tækifæri til að leysa frá skjóðunni. Þeir tala ekki. Þeir hverfa ofan í ískalda jörðina, þeir öskra og kúgast af moldinni sem við mokum yfir þá, en þeir mæla ekki orð.

Sá litli fer á undan. Hann hrækir út úr sér moldinni sem safnast upp í kringum hann. Bróðir hans lyftir honum upp að sér og reynir að halda honum á lofti. Sá litli grenjar og öskrar en þegir þegar hann fær hrúgu af mold niður í kok.

Sársaukaöskur breyttist í aumingjalegan hósta. Hann rennur úr faðmlögum bróður síns og sekkur ofan í jörðina. Þá talar sá stóri. Hann segir okkur allt sem við við viljum heyra. Grátbiður okkur að sýna miskunn og leyfa sér að lifa. Ég sýni honum miskunn. Í einu þungu höggi sýni ég miskunn.

Við ljúkum verkinu og mokum yfir þá. Við sækjum stóran stein til að merkja staðinn. Máðir af jörðu, Grýlu synir. Sameinaðir moldinni að nýju. Kviksettir. Blóðrauð morgunsól rís. Við eigum langa ferð fyrir höndum.

LOPPA OG JÓN LOPPUFÓSTRÍ

Tröll hafa verið hugðarefni landsmanna svo öldum skiptir enda umkringja þau okkur á alla kanta, í fjallagrjóti og klettaborgum jafnt sem þjóðsögum og ævintýrum. Tröllin hafa veitt höfundum innblástur, brætt börn á öllum aldri, og mörg þeirra eiga sér sess meðal þekktustu einstaklinga þjóðarinnar: Gryla og Leppalúði, Giltrutt og Flumbra, nátttröllid á glugganum og trunt trunt og tröllin í fjöllumum! Það er því ekki að undra að tröllin hafi orðið að hlífgerðu þema þessa fyrsta tölublaðs en þar er að finna tvær smásögur og eitt ljóð um þessa mikilfenglegu nágranna okkar. Þar af leiðandi töldu ritstjóvar borðleggjandi að velja að sama skapi tröllasögu sem fyrstu þjóðsögu Forynjunnar. Hér kynnumst við flagðkonunni Loppu sem vændi eitt sinn manni í von um að geta aukið með honum kyn sitt. Til þess þurfti þó að teygja hann og lengja og á milli línanna í þessari tragísku ástarsögu leynist líkamshryllingur af bestu gerð.

§

Á Bleiksmýrardal, afrétt Hnjóskdælinga, er skál sú í fjalli þar vestan megin ár sem Loppuskál heitir. Það er í sögum haft að skál þessi tekið hafi nafn af flagðkonu einni sem í fyrnd hefði búið þar í helli nokkrum og að flagðkona þessi hafi eitt sinn stolið manni einum sem Jón hét, ungur maður, líklegur til þroska, hafi hann verið við fjallagrasatínslu á dalnum með fleiru fólki. Loppa hafði Jón heim í helli sinn og var þar systir hennar fyrir og ekki fleira trölla. Systurnar voru báðar í blóma aldurs síns, en sökum þess að þá var kristni fyrir löngu komin í land og tröll á förum hugðu þær að efna Jón þennan til fylgjulags við sig svo þær gætu aukið kyn sitt. Lögðu þær því alla alúð á að fara sem bezt með hann og láta ekkert skorta er eftir gæti þroska hans. Þulega tóku þær hann og mökuðu í eins konar smyrslum eða feiti og teygðu hann milli sín; fannst honum það mikil raun, og ekki fór nema önnur í senn til aðdráttanna. Líðu þannig nokkur missiri að Jón fékk ekki sól að sjá og aldrei færi til burtfarar sem hann hafði stöðugt löngun til þó hann dyldi þær þess.

Þá er hér er komið sögunni hvarf systir Loppu svo Jón vissi ekki hvað af henni varð; fór hún eitthvað til búsaðdráttu og kom aldrei síðan. Ætlaði hann að hún mundi á einhvern hátt látizt hafa. Varð Loppu mjög angursamt við missir systur sinnar því hún trúði ekki vel fóstra

sínum. Hlaut hún nú að starfa allt ein og láta Jón einan. Var hún þó aldrei svo langdvöllum burtu að Jón sæi sér strokfæri; gjörir hann sér þá upp veiki og lézt þungt haldinn. Þótti Loppu það hið mesta mein og bað hann segja sér við hvað honum mundi batna, og kveður hann á líkast mundi að sjúknaði sínum gjörðist, fengi hann tólf ára gamlan hákall. Loppa hét að vera þar um í útvegum og býr hún sig til ferða, fer og kemur brátt aftur að forvitnast um hvert fóstri hennar lægi kyrr og var það; ætlaði hún að þá mundi allt svikalaust og fer leið sína.

Litlu síðar rís Jón úr rekkju, fer út úr hellirnum og niður til árinna. Hittir hann stóðhross á dalnum og tekur eitt og riður niður dalinn og þraut það brátt því svo var Jón þungur orðinn að hann var óbær hverjum hesti. Fer hann svo alla leið niður til Illugastaða; hafði hann þá sligað þrjá hesta og þó mátt ganga hið mesta af leiðinni. Þá er hann kemur sunnan á túnið á Illugastöðum heyrir hann að Loppa fóstira hans kallar upp á Miðdegishólum og segir: „Hérna er tólf ára gamli hákarlinn, Jón, og þrettán ára þó; ég sótti hann á Siglunes.“ Jón var yfirkominn af mæði og hraðar þó nú ferðinni enn meir að kirkjunni, brýtur hurðina með hnefa sínum og biður að klukkum sé hringt; fólk var í kirkju og þó því yrði ósvipt við var klukkunum hringt og var Loppa þá komin að læk þeim sem er skammt fyrir sunnan kirkjuna og á túninu. En sem hún heyrði klukknahljóðið hvarf hún aftur; heitir þar síðan Tröllkonuvöllur.

Um Jón er það að segja að svo var vöxtur hans mikill og afskaplegur orðinn að höfuð hans tók mænir kirkjunnar þá er hann stóð uppréttur í henni. Hann náði prestsfundi, lifði síðan þrjá daga og deyði. Ætluðu menn að mæðin af hlaupunum hefði hann til dauða dregið. Lík hans var grafið í kirkjugarði við norðurhlíð kirkjunnar á Illugastöðum og er það því til sönnunar að nálægt miðri 18. öld var þar grafið lík og kom upp lærleggur svo mikill að engir höfðu líkan séð. Þá bjó bóndi sá á Steinkirkju sem Oddur hét; hann var faðir Þórlaugar sem átti Dínus Þorláksson og bjó með honum í Tungu í móðuharðindunum og missti þar í hallærinu ellefu börn sín. – Oddur þessi var viðstaddur. Hann var hæstur manna á vöxt í sókninni; hann tók legginn og mældi við sig og nam leggurinn frá jörð mjaðmarhöfuð á Oddi. Var það þá fyrir satt haft að leggur þessi væri úr Jóni Loppufóstra. Eitthvað fannst og fleira af beinum hans. Beinir voru mjög rotin og ætluðu menn að þau hefðu undra lengi í moldu legið, og það því heldur sem raun var á að lík rotna mjög seint þar í garðinum sem er kaldur og votur; víðir fúna þar og undra seint.